**Bæjarstjórn Garðabæjar 17. (857)/2019**

Boðað er til 17. (857). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 21. nóvember 2019 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 1911014F - Fundargerð bæjarráðs frá 12/11 '19.

   1806461 - Fjárhagsáætlun 2019 - viðauki nr. 9

2. 1911027F - Fundargerð bæjarráðs frá 19/11 '19.

   1804367 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna þróunarsvæðis B - Vífilsstaðaland.

   1910293 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi Vetrarmýrar.

   1906192 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi norðurhluta Hnoðraholts.

   1910294 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi kirkjugarðs og meðferðarstofnunar.

   1811131 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag fyrir Breiðumýri á Álftanesi.

   1811132 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag fyrir Krók á Álftanesi.

   1811133 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag fyrir Helguvík á Álftanesi.

   1811135 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag fyrir Kumlamýri á Álftanesi.

   1811134 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag fyrir Skógtjörn á Álftanesi.

   1702322 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Bessastaði.

   1804199 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Arnarness.

   1910311 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Kjóavelli.

3. 1910028F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 16/10 ´19.

4. 1911015F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 13/11 ´19.

5. 1911023F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 15/11 ´19.

6. 1910057F - Fundargerð skólanefndar tónlistarskóla frá 1/11 ´19.

7. 1911018F - Fundargerð skólanefndar tónlistarskóla frá 14/11 ´19.

8. 1905006F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 17/5 ´19.

9. 1911013F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 13/11 ´19.

10. 1901375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 4/11 ´19.

11. 1911304 - Tillaga um skipun starfshóps til að vinna að framgangi stafrænnar framþróunar og þjónustu hjá Garðabæ.

12. 1909205 - Jafnréttisstefna Garðabæjar 2019-2022

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

**Bæjarstjórn Garðabæjar**
**16. (856). fundur 2019**

Fimmtudaginn 7. nóvember 2019 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu:, Sigurður Guðmundsson, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Gunnar Einarsson, Guðfinnur Sigurvinsson, Stella Stefánsdóttir, Kjartan Örn Sigurðsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson, og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Sigurður Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 17. október 2019 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 1910037F - Fundargerð bæjarráðs frá 22/10 '19.**

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 3. tl., skýrslu um úttekt á stjórnsýslu, rekstri og fjárhag Garðabæjar og lýsti ánægju með skýrsluna.

*Afgreiðsla mála.*
Bæjarstjórn samþykkir eftirfarandi viðauka nr. 6, nr. 7 og nr. 8 við fjárhagsáætlun 2019 samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Viðauki 6
Vegna endurnýjunar á samningi við Stjörnuna hækkar fjárveiting til styrkja um 7,1 mkr.

| | | |
|---|---|---|
| Styrkur | 7.100.000 | 06-820-9911 |

Kostnaðarkauka skal mætt með lækkun á varasjóði um sömu upphæð.

| | | |
|---|---|---|
| Varasjóður | -7.100.000 | 31-916-7179 |

Viðauki 7
Lýðræðisverkefnið.
Niðurstaða rafrænna íbúakosninga sem fram fóru 23. maí til 3. júní liggur fyrir. Fjárhagsáætlun 2019 gerir ráð fyrir 50 mkr. fjárveitingu til verkefnisins. Kostnaður vegna umsýslu við verkefnið nemur 7 mkr. sem fært er á rekstur. Um er að ræða kostnað við auglýsingar, útgáfu bæklings og kostnað vegna rafrænna kosninga.

| | | |
|---|---|---|
| Lýðræðisverkefni | 7.000.000 | ýmsir lyklar |

Viðbótarkostnaði mætt með lækkun á varasjóði um sömu upphæð.

| | | |
|---|---|---|
| Varasjóður | -7.000.000 | 31-916-7179 |

Viðauki 8
Fræðslumál - tilfærsla innan sviða.
Í fjárhagsáætlun 2019 er 7,0 mkr. fjárveiting til skólaskrifstofu vegna nýs tómstundaheimilis við Garðaskóla fyrir unglingastig. Tillaga er um að færa fjárveitinguna á sérstaka deild.

| | | |
|---|---|---|
| Skólaskrifstofa | -7.000.000 | 04-010-4368 |
| Tómtundaheimili Garðaskóla | 7.000.000 | 04-288-xxxx |

Vegna innri leigu Urriðaholtsskóla sem er öll áætluð árið 2019 á Urriðaholt - grunnskóla er lagt til að leigunni verði skipt milli grunnskóla og leikskóla Urriðaholtsskóla með eftirfarandi hætti.

| | | |
|---|---|---|
| Urriðaholtsskóli - grunnskóli | 62.002.296 | 04-216-4411 |
| Urriðaholtsskóli - leikskóli | 41.334.864 | 04-121-4411 |
| Samtals | 103.337.160 | |

Viðauki hefur ekki áhrif á fjárhag.

Fundargerðin sem er 11 tl. er samþykkt samhljóða.

**2. 1910046F - Fundargerð bæjarráðs frá 29/10 '19.**

Ingvar Arnarson, ræddi 6. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi fyrirspurn Skógræktarfélags Garðabæjar um lagningu útivistarstíga og 8. tl., afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi aðalskipulag Reykjavíkur – Korpulínu. Ingvar lýsti ánægju með áform um að leggja línu í jörð til að takmarka röskun á umhverfi.

Kjartan Örn Sigurðsson, ræddi 13. tl., bréf húsfélagsins við Strikið 2-12 um styrk til uppsetningar á hleðslubúnaði fyrir rafbíla.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 6. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi fyrirspurn Skógræktarfélags Garðabæjar um lagningu útivistarstíga, 8. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi aðalskipulag Reykjavíkur – Korpulínu og 13. tl., bréf húsfélagsins við Strikið 2-12 um styrk til uppsetningar á hleðslubúnaði fyrir rafbíla.

Fundargerðin sem er 15 tl. er samþykkt samhljóða.

**3. 1911001F - Fundargerð bæjarráðs frá 5/11 '19.**

Ingvar Arnarson, ræddi 11. tl., drög að samkomulagi við Veitur ohf. um uppbyggingu innviða fyrir hleðslu rafbíla og 12. tl., bréf Vegagerðarinnar um leyfi til framkvæmda við endurbætur á Hafnarfjarðarvegi.

Almar Guðmundsson, ræddi 9. tl., úthlutun lóðar við Garðahraun, 10. tl., úthlutun og sala byggingarréttar lóða við Eskiás, 12. tl., bréf Vegagerðarinnar um leyfi til framkvæmda við endurbætur á Hafnarfjarðarvegi.

Kjartan Örn Sigurðsson, ræddi 1. tl., fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 (2020-2023) – álagningu gjalda.

Gunnar Einarsson, ræddi 12. tl., bréf Vegagerðarinnar um leyfi til framkvæmda við endurbætur á Hafnarfjarðarvegi, 1. tl., fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 (2020-2023) – álagningu gjalda. 9. tl. úthlutun lóðar við Garðahraun og 10. tl., úthlutun og sala byggingarréttar lóða við Eskiás.

Afgreiðsla mála.
Bæjarstjórn samþykkir samkomulag við Veitur ohf. um uppbyggingu innviða til hleðslu á rafbílum.

Fundargerðin sem er 21 tl. er samþykkt samhljóða.

**4. 1910038F - Fundargerð íþrótta- og tómstundaráðs frá 22/10 '19.**

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., erindi frá ungmennaráði.

Ingvar Arnarson., ræddi 8. tl., öryggi og vellíðan barna og ungmenna, 11. tl., beiðni júdófélags Garðabæjar um útbreiðslustyrk og 9. tl., stofnun dansíþróttafélags í Garðabæ.

Gunnar Einarsson, ræddi 8. tl. öryggi og vellíðan barna og ungmenna, 11. tl., beiðni júdófélags Garðabæjar um útbreiðslustyrk.

Fundargerðin er lögð fram.

**5. 1910019F - Fundargerð leikskólanefndar frá 23/10 ´19.**

Almar Guðmundsson, ræddi 10. tl., velferð barna i Garðabæ.

Stella Stefánsdóttir, ræddi 3. tl., tvöfalda skólavist barns í leik- og grunnskóla.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 10. tl., velferð barna i Garðabæ og 3. tl., tvöfalda skólavist barns í leik- og grunnskóla

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 3. tl., tvöfalda skólavist barns í leik- og grunnskóla og 10. tl., velferð barna í Garðabæ.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 10. tl., velferð barna i Garðabæ.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 10. tl., velferð barna i Garðabæ.

Fundargerðin er lögð fram.

**6. 1910056F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 1/11 ´19.**

Fundargerðin er lögð fram.

**7. 1910042F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 24/10 ´19.**

Ingvar Arnarson, ræddi 2. tl., Vetrarmýri – deiliskipulag blandaðrar byggðar.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 2. tl., Vetrarmýri – deiliskipulag blandaðrar byggðar.

Gunnar Einarsson, ræddi 2. tl., Vetrarmýri – deiliskipulag blandaðrar byggðar.

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi 2. tl., Vetrarmýri – deiliskipulag blandaðrar byggðar.

Stella Stefánsdóttir, ræddi 2. tl., Vetrarmýri – deiliskipulag blandaðrar byggðar.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 2. tl., Vetrarmýri – deiliskipulag blandaðrar byggðar.

Kjartan Örn Sigurðsson, ræddi 2. tl., Vetrarmýri – deiliskipulag blandaðrar byggðar.

Gunnar Einarsson, ræddi 2. tl., Vetrarmýri – deiliskipulag blandaðrar byggðar.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., Vetrarmýri – deiliskipulag blandaðrar byggðar.

Almar Guðmundsson, ræddi 2. tl., Vetrarmýri – deiliskipulag blandaðrar byggðar.

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi 2. tl., Vetrarmýri – deiliskipulag blandaðrar byggðar.

Gunnar Einarsson, ræddi 2. tl., Vetrarmýri – deiliskipulag blandaðrar byggðar.

Fundargerðin er lögð fram.

**8. 1910024F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 16/10 ´19.**

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 1. tl., götulýsingu í Garðabæ, 2. tl., útikennslu um lífríki Vífilsstaðavatns og fuglaskoðun á Álftanesi, 5. tl., starfsskýrslu Skógræktarfélags Garðabæjar og 6. tl. tillögu um lengingu á hundabanni á varptíma fugla við Vífilsstaðavatn.

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi 1. tl., götulýsingu í Garðabæ.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 4. tl. tillögu um að draga úr plastmengun í rekstri Garðabæjar.

Jóna Sæmundsdóttir ræddi 4. tl., tillögu um að draga úr plastmengun í rekstri Garðabæjar.

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi 4. tl., tillögu um að draga úr plastmengun í rekstri Garðabæjar.

Ingvar Arnarson, ræddi 2. tl., útikennslu um lífríki Vífilsstaðavatns og fuglaskoðun á Álftanesi og 6. tl., tillögu um lengingu á hundabanni á varptíma fugla við Vífilsstaðavatn.

Fundargerðin er lögð fram.

**9. 1901420 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 28/10 ´19.**

Fundargerðin er lögð fram.

**10. 1901375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 7/10 ´19.**

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 3. tl., ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk, 5. tl., notendastýrða persónulega aðstoð og 7. tl., bókun frá fundi bæjarráðs Kópavogsbæjar er varðar heildarlausn í úrgangsmálum.

Almar Guðmundsson, ræddi 5. tl., notendastýrða persónulega aðstoð.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 7. tl., bókun frá fundi bæjarráðs Kópavogs er varðar heildarlausn í úrgangsmálum.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 7. tl., bókun frá fundi bæjarráðs Kópavogs er varðar heildarlausn í úrgangsmálum.

Gunnar Einarsson, ræddi 1. tl., sóknaráætlun 2020-2024, 3. tl., ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk og 5. tl., notendastýrða persónulega aðstoð.

Fundargerðin er lögð fram.

**11. 1901198 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 1/11 ´19.**

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 2. tl., byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar, 3. tl., stækkun móttökustöðvar í Gufunesi, 5. tl., breytingu á móttökuskilyrðum á úrgangi til urðunar í Álfsnesi, 6. tl., breytingu á gjaldskrá endurvinnsluefna, 9. tl., umsögn um urðunarskatt og 11. tl., fund samráðsnefndar sorpsamlaganna á Suðvesturlandi.

Fundargerðin er lögð fram.

**12. 1902158 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. frá 29/10 '19.**

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi stöðu uppbyggingar í Bláfjöllum og stöðu mála í Skálafelli.

Kjartan Örn Sigurðsson, ræddi stöðu uppbyggingar í Bláfjöllum og stöðu mála í Skálafelli.

Gunnar Einarsson, ræddi stöðu uppbyggingar í Bláfjöllum og stöðu mála í Skálafelli.

Fundargerðin er lögð fram.

**13. 1901316 - Fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 18/10 '19.**

Fundargerðin er lögð fram.

**14. 1910301 - Gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.**

Bæjarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti gjaldskrá Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

**15. 1606034 - Leyfi til framkvæmda við endurbætur Hafnarfjarðarvegar ofl.**

Bæjarstjórn samþykkir að veita Vegagerðinni leyfi til framkvæmda vegna breikkunar og endurbóta á gatnamótum Hafnarfjarðarvegar við Vífilsstaðaveg og Lyngás ásamt gerð undirganga fyrir gangandi og hjólandi umferð við Hraunsholtslæk. Einnig er um að ræða framkvæmdir við breikkun og endurbætur á Vífilsstaðavegi milli Hafnarfjarðarvegar og Litlatúns og gerð hringtorgs við Litlatún.

Framkvæmdin er í samræmi við deiliskipulagsáætlanir og deiliskipulagsbreytingar sem bæjarstjórn hefur samþykkt og hafa tekið gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda nr. 855/2019.

**16. 1904109 - Fjárhagsáætlun 2020 (2020-2023) - fyrri umræða**

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri fylgdi úr hlaði frumvarpi að fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árin 2020 - 2023. Bæjarstjóri lagði fram greinargerð þar sem helstu markmið og niðurstöður eru raktar nánar.

Bæjarstjóri lagði til að vísa frumvarpinu til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls.

Samkvæmt frumvarpinu eru niðurstöður A og B hluta þessar:

| | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur: | 17.361.334 | 17.532.334 | 17.950.334 | 18.413.334 |
| Gjöld: | 15.951.072 | 16.302.205 | 16.681.899 | 17.062.914 |
| Niðurstaða án fjármagnsliða: | 1.410.262 | 1.230.129 | 1.268.435 | 1.350.420 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | (844.018) | (708.685) | (665.924) | (665.192) |
| Rekstrarniðurstaða | 566.243 | 521.444 | 602.511 | 685.228 |

Bæjarstjórn samþykkir að vísa frumvarpi að fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árin 2020 – 2023 til síðari umræðu í bæjarstjórn og til frekari vinnslu í bæjarráði.

**17. 1904109 - Tillaga um álagningarhlutfall útsvars á árinu 2020.**

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að álagningarhlutfall útsvars verði 13,70% á tekjur manna á árinu 2020 samkvæmt heimild í 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, sbr. 24. gr. laganna. Samþykkt bæjarstjórnar skal tilkynnt fjármála- og efnahagsráðuneytinu fyrir 15. desember 2019 samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

**18. 1904109 - Gjaldskrá sorphirðu.**

Bæjarstjórn samþykkir gjaldskrá sorphirðu árið 2020.

**19. 1904109 - Gjaldskrá um hreinsun taðþróa.**

Bæjarstjórn samþykkir gjaldskrá fyrir hreinsun taðþróa árið 2020.

**20. 1904109 - Gjaldskrá skólamálsverða.**

Bæjarstjórn samþykkir gjaldskrá skólamálsverða árið 2020.

**21. 1904109 - Gjaldskrá leikskóla.**

Bæjarstjórn samþykkir gjaldskrá leikskóla árið 2020.

**22. 1904109 - Gjaldskrá tómstundaheimila.**

Bæjarstjórn samþykkir gjaldskrá tómstundaheimila árið 2020.

**23. 1904109 - Gjaldskrá fyrir starfsemi frístundar.**

Bæjarstjórn samþykkir gjaldskrá frístundar árið 2020.

**24. 1904109 - Gjaldskrá sundlauga.**

Bæjarstjórn samþykkir gjaldskrá sundlauga Garðabæjar árið 2020.

**25. 1904109 - Gjaldskrá bókasafns.**

Bæjarstjórn samþykkir gjaldskrá bókasafns Garðabæjar árið 2020.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 7. nóvember 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Sigurður Guðmundsson, (sign)
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)
Kjartan Örn Sigurðsson, (sign)
Stella Stefánsdóttir, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Gunnar Einarsson, (sign)
Guðfinnur Sigurvinsson, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**
**43. (1904). fundur 2019**

Þriðjudaginn 12. nóvember 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 (2020-2023)**
   Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri sat fund bæjarráðs við afgreiðslu mála samkvæmt dagskrárliðum 1 og 2.
   Lagt fram yfirlit með samanburði á álagningarreglum sveitarfélaga árið 2019.
   Lagt fram yfirlit yfir erindi sem vísað hefur verið til afgreiðslu fjárhagsáætlunar.
   Lagt fram nýtt minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga um forsendur fyrir vinnslu fjárheimilda ársins 2020 og fjárhagsáætlana til þriggja ára, dags. 1. nóvember 2019.
   Lagt fram yfirlit yfir ábendingar og tillögur sem borist hafa frá íbúum.

2. **1806461 - Fjárhagsáætlun 2019 - viðauki nr. 9**
   Fjármálastjóri gerði grein fyrir viðauka nr. 9.
   Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja eftirfarandi viðauka nr. 9 við fjárhagsáætlun 2019 samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

   Viðauki 9.

   Vinnuskóli Garðabæjar
   Vegna hækkunar á taxta unglingavinnu sem samþykkt var í vor af bæjarráði og fjölgunar ungmenna miðað við fyrra ár þarf að hækka fjárheimildir Vinnuskóla Garðabæjar um 15,0 mkr.

| | | |
|---|---|---|
| Vinnuskóli Garðabæjar | 15.000.000 | 06-299 -xxxx |

   Sumarátak vegna vinnu ungs fólk.
   Vegna fleiri umsókna um sumarstörf hjá Garðabæ en áætlað var þarf að hækka fjárheimild sumarátaksins um 35,8 mkr.

| | | |
|---|---|---|
| Sumarátak vegna vinnu ungs fólks | 35.800.000 | 11330-xxxx |

   Skipulagsvinna.
   Vegna mikillar aðkeyptrar vinnu við gerð rammahluta aðalskiplags og deiliskipulagsáætlana er nauðsynlegt að hækka fjárheimildir til skipulagsmála.

| | | |
|---|---|---|
| Aðalskipulag/rammaskipulag | 50.000.000 | 09220-xxxx |
| Deiliskipulag | 6.000.000 | 09230-xxxx |

   Samstarfssamningur um uppbyggingu á Stórásreit.

Vegna samkomulags við Mótás Garðabæ ehf., dags. 27.09.19 um uppbyggingu byggðar á Stórásreit eru færðar til tekna tekjur vegna byggingarréttargjalds að fjárhæð kr. 98.455.500.

| | | |
|---|---|---|
| Seldur byggingarréttur | -98.455.500 | 31400-0397 |
| Mismunur | 8.344.500 | Útgjaldaauki |

Útgjaldaauka skal mætt með lækkun á varasajóði um sömu upphæð.

| | | |
|---|---|---|
| Varasjóður | -8.344.500 | 31916-7179 |

3. **1905258 - Smáraflöt 11 - Umsókn um byggingarleyfi.**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Gunnari Ólafssyni, kt. 121174-3329, leyfi fyrir viðbyggingu við núverandi hús að Smáraflöt 11.

4. **1910209 - Afgreiðsla umhverfisnefndar um lengingu á hundabanni á varptíma við Vífilsstaðavatn.**
Bæjarráð samþykkir tillögu umhverfisnefndar um lengingu á hundabanni á varptíma við Vífilsstaðavatn þannig að hundabann verði á tímabilinu frá 15. apríl til 15. ágúst.

5. **1812088 - Tilkynning frá Heilsugæslu Garðabæjar um tilnefningu á nýjum fulltrúa í öldungaráð.**
Lögð fram tilkynning frá Heilsugæslu Garðabæjar þar sem fram kemur að Margrét Björnsdóttir, hjúkrunarfræðingur hefur verið tilnefnd sem fulltrúi í öldungaráð í stað Guðlínar Jónu Ómarsdóttur.

6. **1911108 - Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi samþykkt stjórnar um fræðslu fyrir starfsmenn sveitarfélaga um málefni fatlaðs fólks, dags. 30.10.19.**
Lagt fram.

7. **1911165 - Bréf Hafnarfjarðar varðandi tillögu að nýju deiliskipulagi við Krýsuvíkurbeg í Krýsuvík, dags. 01.11.19.**
Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.

8. **1911167 - Tilkynning frá forsætisráðuneytinu um skýrslu framtíðarnefndar, dags. 08.11.19.**
Lögð fram.

9. **1911091 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011 (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn), 66. mál., dags. 04.11.19.**
Lagt fram.

10. **1911151 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um ávana- og fíkniefni (neyslurými), 328. mál., dags. 06.11.2019.**
Lagt fram.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 12. nóvember 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**
**44. (1905). fundur 2019**

Þriðjudaginn 19. nóvember 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri og Guðbjörg Brá Gísladóttir, verkfræðingur.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1904109 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2020 (2020-2023).**
   Bæjarstjóri gerði grein fyrir hugmyndum að tillögum að breytingum við frumvarp að fjárhagsáætlun.

2. **1910093 - Útilífsmiðstöð Vífils við Grunnuvötn - Umsókn um byggingarleyfi.**
   Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Skátafélaginu Vífli, kt. 530576-0439, leyfi til að byggja útilífsmiðstöð við Grunnuvötn í Heiðmörk.

3. **1911090 - Keldugata 13 - Umsókn um byggingarleyfi.**
   Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Burstabæ ehf., kt. 500300-2210, leyfi til að stækka lagnarými húss í byggingu að Keldugötu 3.

4. **1804367 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna þróunarsvæðis B - Vífilsstaðaland.**
   Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem nær til þróunarsvæðis B, Vífilstaðalands. Tillagan, forsendur hennar og umhverfismat skal kynnt íbúum og öðrum hagsmunaðilum á almennum fundi samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan skal kynnt sveitarstjórnum aðliggjandi sveitarfélaga og svæðisskipulagsnefnd. Samhliða skal kynna tillögur að nýju deiliskipulagi Vetrarmýrar, norðurhluta Hnoðraholts og Rjúpnadals.

5. **1910293 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi Vetrarmýrar.**
   Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir Vetrarmýri. Tillagan, forsendur hennar og umhverfismat skal kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samhliða skal kynna tillögur að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem nær til þróunarsvæðis B, Vífilstaðalands og nýju deiliskipulagi, norðurhluta Hnoðraholts og Rjúpnadals.

6. **1906192 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi norðurhluta Hnoðraholts.**
   Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir norðurhluta Hnoðraholts. Tillagan, forsendur hennar og umhverfismat skal kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samhliða skal kynna tillögur að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem nær til þróunarsvæðis B, Vífilstaðalands og nýju deiliskipulagi Vetrarmýrar og Rjúpnadals.

7. **1910294 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi kirkjugarðs og meðferðarstofnunar.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir kirkjugarðs og meðferðarstofnunar í Rjúpnadal. Tillagan, forsendur hennar og umhverfismat skal kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samhliða skal kynna tillögur að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem nær til þróunarsvæðis B, Vífilstaðalands og nýju deiliskipulagi Vetrarmýrar og norðurhluta Hnoðraholts.

8. **1709351 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag miðsvæðis Álftaness.**
Lögð fram.

9. **1811131 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag fyrir Breiðumýri á Álftanesi.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um lagfæringar og uppfærslur gagna sem fylgja tillögu sem samþykkt hefur verið sem nýtt deiliskipulag fyrir Breiðumýri á Álftanesi. Deiliskipulagið skal sent til áframhaldandi meðferðar Skipulagsstofnunar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

10. **1811132 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag fyrir Krók á Álftanesi.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um lagfæringar og uppfærslur gagna sem fylgja tillögu sem samþykkt hefur verið sem nýtt deiliskipulag fyrir Krók á Álftanesi. Deiliskipulagið skal sent til áframhaldandi meðferðar Skipulagsstofnunar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

11. **1811133 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag fyrir Helguvík á Álftanesi.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um lagfæringar og uppfærslur gagna sem fylgja tillögu sem samþykkt hefur verið sem nýtt deiliskipulag fyrir Helguvík á Álftanesi. Deiliskipulagið skal sent til áframhaldandi meðferðar Skipulagsstofnunar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

12. **1811135 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag fyrir Kumlamýri á Álftanesi.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um lagfæringar og uppfærslur gagna sem fylgja tillögu sem samþykkt hefur verið sem nýtt deiliskipulag fyrir Kumlamýri á Álftanesi. Deiliskipulagið skal sent til áframhaldandi meðferðar Skipulagsstofnunar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

13. **1811134 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag fyrir Skógtjörn á Álftanesi.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að tillaga að deiliskipulagi fyrir Skógtjörn á Álftanesi verði auglýst að nýju samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41.gr. sömu laga.

14. **1702322 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Bessastaði.**
Bæjarráð samþykkir samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi Bessastaða. Tillagan var auglýst samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga, sbr. 1. mgr 41. gr. og bárust engar athugasemdir. Í umsögn Minjastofnunar er lagt til að forkönnun verði gerð á svæðinu áður en jarðvinna hefst. Skipulagsnefnd samþykkti að gera breytingar á greinargerð þannig að fram komi að forkönnun fornleifa fari fram áður en ráðist er í jarðvegsvinnu.

15. **1804199 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Arnarness.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að synja tillögu um óverulega breytingu á deiliskipulagi Arnarness vegna umsóknar lóðareiganda að Blikanesi 14 um byggingu utan byggingarreits. Tillagan var grenndarkynnt og bárust athugasemdir þar sem umsókninni var mótmælt. Þá liggur fyrir neikvæð afstaða deiliskipulagsráðgjafa.

16. **1910311 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Kjóavelli.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að breytingu á deiliskipulagi hesthúsabyggðar að Kjóavöllum en um er að ræða sameiginlegt skipulag með Kópavogi. Fallið er frá forkynningu samkvæmt heimild í 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga.

17. **1911165 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að nýju deiliskipulagi við Krýsuvíkurbeg í Krýsuvík.**
Lögð fram.

18. **1910423 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi skipulags- og matslýsing vegna breytinga á skipulagi skíðasvæðis Bláfjalla.**
Lögð fram.

19. **1911213 - Bréf Félags áhugamanna um sögu Bessastaðaskóla um styrk, dags. 10.11.19.**
Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.

20. **1904302 - Bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis varðandi ákvörðun vatnsgjalds, dags. 13.11.19.**
Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að láta vinna samantekt um atriði og gögn sem lögð eru til grundvallar ákvörðun vatnsgjalds og senda ráðuneytinu til upplýsingar.

21. **1911254 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um almannatryggingar almennar íbúðir (hækkun tekju- og eignamarka leigjenda, sérstakt byggðafr,), 320. mál., dags. 14.11.19.**
Lagt fram.

22. **1911232 - Bréf Alþings varðandi frumvarp til laga um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, 319. mál., dags. 14.11.19.**
Lagt fram.

23. **1911195 - Bréf Alþings varðandi frumvarp til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, 317. mál., dags. 11,11,19.**
Lagt fram.

24. **1909205 - Drög að nýrri jafnréttisstefnu Garðabæjar 2019-2022.**
Bæjarráð samþykkir að vísa jafnréttisstefnu Garðabæjar 2019-2022 til afgreiðslu bæjarstjórnar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 19. nóvember 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

**Fjölskylduráð Garðabæjar**
**10. fundur 2019**

Miðvikudaginn 16. október 2019 kl. 16:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Sigþrúður Ármann aðalmaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Guðfinna Eyrún Ingjaldsdóttir aðalmaður og Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir félagsmálastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1910002 - Kynning frá Þroskahjálp varðandi rekstur íbúakjarna**

   Á fund fjölskylduráðs komu Bryndís Snæbjörnsdóttir og Friðrik Sigurðsson frá Þroskahjálp og kynntu sína nálgun varðandi rekstur íbúakjarna fyrir fatlað fólk. Undir þessum dagskrárlið sátu aðilar úr samráðshópi um málefni fatlaðs fólks og umsjónarþroskaþjálfi.

2. **1908185 - Beiðni um umsögn vegna umsóknar um leyfi sem fósturforeldri**

   Mál nr. 1908185 lagt fram, beiðni um umsögn vegna umsóknar um leyfi til að gerast fósturforeldri. Fjölskylduráð fjallaði um málið á grundvelli fyrirliggjandi gagna og umsagnar félagsráðgjafa. Nánar er fjallað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

3. **1909143 - Beiðni um umsögn vegna umsóknar um hæfni sem fósturforeldrar**

   Mál nr. 1909143 lagt fram, beiðni um umsögn vegna umsóknar um leyfi sem fósturforeldrar. Fjölskylduráð fjallaði um málið á grundvelli fyrirliggjandi gagna og umsagnar félagsráðgjafa. Nánar er fjallað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðar.

4. **1910018 - Tvöföld skólavist barns í leik eða grunnskóla**

   Mál nr. 1910018 lagt fram til kynningar, leiðbeinandi álit Sambands íslenskra sveitarfélaga um tvöfalda skólavist barns. Fjölskylduráð fjallaði um málið.

5. **1909427 - Tillaga Garðabæjarlistans um virkjun til atvinnuþátttöku**

   Mál nr. 1909427 lagt fram til útfærslu, tillaga Garðabæjarlistans um virkjun til atvinnuþátttöku. Fjölskylduráð tekur jákvætt í tillöguna og felur sviðstjóra fjölskyldusviðs að skoða með hvaða hætti er hægt að stuðla að aukinni virkni einstaklinga sem fá fjárhagsaðstoð.

6. **1904077 - Áskorun til sveitarfélaga um að fara eftir ákvæðum reglugerðar um framkvæmd notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar.**

   Mál nr. 1904077 lagt fram, áskorun til sveitarfélaga um að fara eftir ákvæðum reglurgerðar um framkvæmd notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar. Fjölskylduráð fjallar um málið. Bæjarráð samþykkti tillögu í minnisblaði sviðsstjóra fjölskyldusviðs um hækkun á jafnaðartaxta sem tekur gildi frá 01.01.2019. Beðið verður með að leggja fram reglur um NPA í Garðabæ sem og nokkrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu í ljósi álitaefna sem risið hafa í fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

7. **1909205 - Jafnréttisstefna Garðabæjar 2019-2022**

Mál nr. 1909205, drög að jafnréttisstefnu og framkvæmdaáætlun lögð fram til kynningar og umræðu. Formanni og starfsmönnum er falið að vinna úr athugasemdum fjölskylduráðs varðandi jafnréttisstefnuna og framkvæmdaáætlun.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Fjölskylduráð Garðabæjar**
**11. fundur 2019**

Miðvikudaginn 13. nóvember 2019 kl. 16:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í Seylunni í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Kristinn Guðlaugsson varamaður, Guðfinna Eyrún Ingjaldsdóttir aðalmaður, Bergljót K Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri og Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Bergljót Sigurbjörnsdóttir félagsmálastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1911163 - Lýðræðisstefna Garðabæjar- endurskoðun**

   Mál nr. 1911163 lagt fram til umræðu, endurskoðun lýðræðisstefnu Garðabæjar. Fjölskylduráð fjallaði um málið og verður áhersla lögð á að kalla eftir ábendingum rafrænt frá íbúum. Settur verður á fót starfshópur, tillögur að þeim hópi lagðar fram á næsta fundi ráðsins.

2. **1909205 - Jafnréttisstefna Garðabæjar 2019-2022**

   Mál nr. 1909205 lagt fram. Fjölskylduráð fjallar um drög að stefnu og framkvæmdaáætlun. Fjölskylduráð samþykkir fyrirliggjandi drög að jafnréttisstefnu og framkvæmdaáætlun. Málinu er vísað til afgreiðslu í bæjarráði Garðabæjar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Skipulagsnefnd Garðabæjar**
**16. fundur 2019**

Föstudaginn 15. nóvember 2019 kl. kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri og Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1811125 - Urriðaholt Norðurhluti 4 - deiliskipulag**

   Skipulagsráðgjafar Alta og Arkís Hrafnhildur Brynjólfsdóttir og Edda K.Einarsdóttir og framkvæmdastjóri Urriðaholts ehf Jón Pálmi Guðmundsson kynntu drög að deiliskipulagi Urriðaholts Norðurhluta 4 sem unnið hefur verið að á vegum Urriðaholts í samráði við tækni-og umhverfissvið. Kynnt greining á gróðurfari í norðurhlíð Urriðaholts sem hefur verið lögð til grundvallar í mótunarvinnunni. Vísað til frekari úrvinnslu hjá skipulagsráðgjöfum og tækni-og umhverfissviði og til umfjöllunar í umhverfisnefnd.

2. **1804367 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030-Breyting 1-Vífilstaðaland-rammahluti.**

   Lögð fram tillaga að breytingu aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til þróunarsvæðis B, Vífilsstaðalands. Skipulagsteymi Batterísins,Landslags og Eflu hefur unnið að mótun tillögunnar með tækni-og umhverfissviði. Jóhanna Helgadóttir hjá Eflu gerði grein fyrir tillögunni. Snorri Vilhjálmsson golfvallarhönnuður gerði grein fyrir drögum að fyrirkomulagi golfvallar GKG sem er lögð til grundvallar landnotkunarreita. Skipulagsstjóri gerði grein fyrir fundum með fulltrúm GKG og Skógræktarfélags Garðabæjar sem hafa haft áhrif á þróun tillögunnar.
   Skipulagsnefnd vísar tillögunni til forkynningar í samræmi við 2.mgr.30.gr.Skipulagslaga nr.123/2010. Tillagan skal forkynnt samhliða tillögum að deiliskipulagi Vetrarmýrar, Hnoðraholts norður og Rjúpnadals. Boða skal til almenns kynningarfundar á meðan á forkynningu stendur. Tillögunni vísað til kynningar og umfjöllunar í umhverfisnefnd og íþrótta-og tómstundaráði.

3. **1910293 - Vetrarmýri, dsk blandaðrar byggðar.**

   Lögð fram tillaga að deiliskipulagi blandaðar byggðar í Vetrarmýri sem skipulagsteymi Batterísins, Landslags og Eflu hafa unnið að í samstarfið við þróunarfélagið Spildu. Sigurður Einarsson gerði grein fyrir tillögunni.
   Skipulagsnefnd vísar tillögunni til forkynningar í samræmi við 3.mgr.40.gr.Skipulagslaga nr.123/2010. Tillagan skal forkynnt samhliða tillögum að

deiliskipulagi, Hnoðraholts norður og Rjúpnadals og tillögu að breytingu aðalskipulags sem nær til Vífilsstaðalands. Boða skal til almenns kynningarfundar á meðan á forkynningu stendur. Tillögunni vísað til kynningar og umfjöllunar í umhverfisnefnd og íþrótta-og tómstundaráði.

4. **1906192 - Hnoðraholt norður deiliskipulag**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi íbúðarbyggðar í norðurhluta Hnoðraholts sem skipulagsteymi Batterísins, Landslags og Eflu hafa unnið að. Einnig gert ráð fyrir byggingum ætluðum verslun og þjónustu í norðvesturhorn svæðisins. Sigurður Einarsson gerði grein fyrir tillögunni.
Skipulagsnefnd vísar tillögunni til forkynningar í samræmi við 3.mgr.40.gr.Skipulagslaga nr.123/2010. Tillagan skal forkynnt samhliða tillögum að deiliskipulagi, Vetrarmýrar og Rjúpnadals og tillögu að breytingu aðalskipulags sem nær til Vífilsstaðalands. Boða skal til almenns kynningarfundar á meðan á forkynningu stendur.Tillögunni vísað til kynningar og umfjöllunar í umhverfisnefnd og íþrótta-og tómstundaráði.

5. **1910294 - Rjúpnadalur, dsk kirkjugarðs og meðferðarstofnunar.**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi kirkjugarðs og meðferðarstofnunar í Rjúpnadal/Vífilsstaðaháls sem skipulagsteymi Batterísins, Landslags og Eflu hafa unnið að. Sigurður Einarsson gerði grein fyrir tillögunni.
Skipulagsnefnd vísar tillögunni til forkynningar í samræmi við 3.mgr.40.gr.Skipulagslaga nr.123/2010. Tillagan skal forkynnt samhliða tillögum að deiliskipulagi, Vetrarmýrar og Hnoðraholts norður og tillögu að breytingu aðalskipulags sem nær til Vífilsstaðalands. Boða skal til almenns kynningarfundar á meðan á forkynningu stendur. Tillögunni vísað til kynningar og umfjöllunar í umhverfisnefnd og íþrótta-og tómstundaráði.

6. **1709351 - Álftanes-Miðsvæði. Deiliskipulag**

Lagðar fram tillögur að deiliskipulagi Miðsvæðis á Álftanesi sem er alls 5 talsins: Breiðamýri, Krókur, Helguvík, Kumlamýri og Skógtjörn. Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar dags. ágúst sl.
Tillögur að deiliskipulagsáætlunum fyrir Breiðumýri, Krók, Helguvík og Kumlamýri hafa verið lagfærðar í samræmi við erindi Skipulagsstofnunar og í kjölfar funda með fulltrúum stofnunarinnar. Lagt er til að tillaga að deiliskipulagi Skógtjarnar verði endurskoðuð og auglýst að nýju.

7. **1811131 - Skipulag - Breiðamýri Álftanesi, deiliskipulag.**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi blandaðrar byggðar í Breiðumýri sem hefur verið lagfærð í kjölfar ábendinga Skipulagsstofnunar. Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar dags.16.ágúst sl. Skipulagsnefnd telur að lagfæringarnar varði ekki efnislegt innihald tillögunanr og því ekki ástæða til þess að auglýsa tillöguna að nýju. Skipulagsnefnd gerir ekki athugsemdir við lagfæringar og telur þær bæta framsetningu tillögunnar verulega.

8. **1811132 - Skipulag - Krókur Álftanesi, deiliskipulag**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi raðhúsabyggðar sunnan og austan Sviðholts sem hafa verið lagfærðar í kjölfar ábendinga Skipulagsstofnunar. Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar dags.16.ágúst sl. Skipulagsnefnd telur að lagfæringarnar varði ekki efnislegt innihald tillögunanr og því ekki ástæða til þess að auglýsa tillöguna að nýju. Skipulagsnefnd gerir ekki athugsemdir við lagfæringar og telur þær bæta framsetningu

tillögunnar verulega.

9. **1811133 - Skipulag - Helguvík Álftanesi, deiliskipulag**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi einbýlishúsabyggðar á opnu svæði vestan Suðurnesvegar sem hafa verið lagfærðar í kjölfar ábendinga Skipulagsstofnunar. Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar dags.16.ágúst sl. Skipulagsnefnd telur að lagfæringarnar varði ekki efnislegt innihald tillögunnar og því ekki ástæða til þess að auglýsa tillöguna að nýju. Skipulagsnefnd gerir ekki athugsemdir við lagfæringar og telur þær bæta framsetningu tillögunnar verulega.

10. **1811135 - Skipulag - Kumlamýri Álftanesi, deiliskipulag**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi parhúsabyggðar í Kumlamýri sem hafa verið lagfærðar í kjölfar ábendinga Skipulagsstofnunar. Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar dags.16.ágúst sl Skipulagsnefnd telur að lagfæringarnar varði ekki efnislegt innihald tillögunanr og því ekki ástæða til þess að auglýsa tillöguna að nýju. Skipulagsnefnd gerir ekki athugsemdir við lagfæringar og telur þær bæta framsetningu tillögunnar verulega.

11. **1811134 - Skipulag - Skógtjörn Álftanesi, deiliskipulag**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi íbúðarbyggðar sunnan Suðurnesvegar. Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar dags.16.ágúst sl. Skipulagsnefnd telur athugasemdir Skipulagsstofnunar þess eðlis að nauðsynlegt sé að endurskoða tillöguna og auglýsa hana að nýju.
TIllögu vísað til úrvinnslu hjá skipulagsráðgjafa og tækni-og umhverfissviði.

12. **1702322 - Bessastaðir. Dsk breyting vegna aðkomu.**

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Bessastaða að lokinni auglýsingu. Engar almennar athugasemdir bárust. Lögð fram umsögn Minjastofnunar dags.12.nóvember 2019 þar sem hvatt er til þess að forkönnun verði gerð á svæðinu áður en jarðvegsvinna hefst og að ráðist verði í fullnaðarskráningu fornminja innan deiliskipulassvæðisins. Skipulagsnefnd tekur undir umsögn Minjastofnunar og leggur til að bætt verði við ákvæði þess efnis í greingargerð deiliskipulagsbreytingarinnar að forkönnun fornleifa verði unnin áður en jarðvegsvinna hefst.
Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagsbreytinguna með ofangreindri breytingu í samræmi við 3.mgr.41.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

13. **1804199 - Blikanes 14 - DSK breyting - stækkun á byggingarreit**

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Arnarness að lokinni grenndarkynningu vegna umsóknar lóðareiganda að Blikanesi 14 um byggingu utan byggingareits. Tillagan gerði ráð fyrir stækkun byggingareits til vesturs og fyrir viðbyggingu við bílageymslu á neðri hæð hússins ásamt svölum ofan á bílskúr. Lagðar fram athugasemdir sem bárust ásamt umsögn deiliskipulagsráðgjafa. Umsækjanda hefur verið kynntar athugasemdir sem bárust í grenndarkynningu og þá hefur verið fundað með umsækjanda og hönnuði. Í framhaldi af þeim fundi lagði hönnuður fram nýja tillögu þar sem felldar eru niður svalir á þaki bílskúrs til að koma til móts við innsendar athugasemdir en áfram er gert ráð fyrir breikkun á bílskúr um 85 cm eða 3,15 m frá lóðarmörkum lóðarinnar nr. 12 við Blikanes, miðað við áður kynnt gögn frá 2016. Lagt er fram minnisblað tækni- og umhverfissviðs. Það er mat skipulagsnefndar að breytingin sé fordæmisgefandi og hafi áhrif á heildargötumynd svæðisins eins og bent er á í athugasemdum sem bárust í grenndarkynningu sem og í umsögn deiliskipulagsráðgjafa. Með vísan til þess leggur skipulagsnefnd til við bæjarstjórn að umsókninni verði hafnað.

Tækni-og umhverfissviði falið að skoða hvort æskilegt sé að skoða mögulegar stækkanir á byggingarreitum fyrir lóðir við Blikanes og Mávanes að ofanverðu með deiliskipulagsbreytingu. Skipulagsstjóri vék af fundi undir þessum lið.

**14. 1910311 - Kjóavellir-Garðabæjarhluti, dsk breytingar**

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi hesthúsabyggðar að Kjóavöllum sem er sameignleg með Kópavogsbæ. Breytingin felst í 9 atriðum sem eru þau helst að byggingarreitir hesthúsa sem standa norðan við götur í Rjúpnahæðarhverfi færast ofar í lóðirnar og hámarkshæð húsa verði 1 ½ hæð í stað 1 hæðar, gert verði ráð fyrir umferðartengingum á milli botnlanga og heygeymslusvæðum á tveim stöðum. Aðrar breytingar eru minniháttar og hafa verið mótaðar í samráði við hestamannafélagið Sprett. Skipulagsnefnd vísar breytingartillögunni til auglýsingar í samræmi við 1.mgr.43.gr.og 1.mgr. 41.gr. Skipulagslaga nr.123/2010. Fallið er frá forkynningu tillögunnar þar sem að megininntak hennar hefur m.a. verið kynnt á almennum félagsfundi hjá Hestamannafélaginu Spretti á síðasta ári.

**15. 1907083 - Víkurgata 19 - Umsókn um byggingarleyfi**

Lögð fram byggingarleyfisumsókn sem gerir ráð fyrir svölum á efri hæð hússins sem ná út fyrir byggingarreit. Skipulagsnefnd vísar tillögunni til umsagnar deiliskipulagshöfundar og Urriðaholts ehf.

**16. 1706258 - Hraungata 8 (áður 10) - Umsókn um byggingarleyfi**

Lögð fram ný gögn varðandi tillöguna sem ekki lágu fyrir við umfjöllun skipulagsnefndar þegar málið var tekið fyrir núverið. Vísað til skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði.

**17. 1911109 - Hraungata 15, 17 og 19. Deiliskipulagsbreyting. Urriðaholt, austurhluti 1.**

Vísað til frekari skoðunar hjá tækni og umhverfissviði.

**18. 1910322 - Styrkumsókn vegna hleðslubúnaðar fyrir rafbíla**

Lagt fram. Vísað til skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði.

**19. 1910423 - Bláfjöll skíðasvæði, skipulags- og matslýsing vegna aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags**

Skipulagsnefnd gerir ekki athugsemd við matslýsinguna.

**20. 1911165 - Tillaga að nýju deiliskipulagi við Krýsuvíkurbeg í Krýsuvík**

Skipulagsnefnd gerir ekki athugsemd við tillöguna.

**21. 1911082 - Drög að breytingum á reglugerð um mat á umhverfisáhrifum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.**

Vísað til skoðunar hjá tækni-og umhverfissviði.

**22. 1911024F - afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 11**

Lagt fram.

22.1 1908136 - Hörgslundur 5 - Umsókn um byggingarleyfi

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 11**

Lögð fram byggingarleyfisumsókna um viðbyggingu við íbúðarhús að lokinni grenndarkynnningu í samræmi við 44.gr. Skipulagslaga nr.123/2010. Tillagan er innan

marka ákvæða tillögu að deiliskipulagi sem enn hefur ekki tekið gildi en byggir á eldri deiliskiplagsákvæðum.
Grenndarkynnt var eigendum Hörgslundar 3, 4, 6, 7 og 8 sem og Reynilundar 4,6 og 8.
Engar athugsemdir bárust.
Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við að byggingarleyfi verði veitt sem er í samræmi við grenndarkynnt gögn.
Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

22.2 1911057 - Víkurgata 2 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 11**

Lögð fram fyrirspurn hönnuðar fyrir hönd Verkþing ehf. Spurt er: Vegna lokaúttektar á Víkurgötu 2, 10 íbúða fjölbýli, þá er óskað eftir því að fá samþykkta undanþágu frá deiliskipulagi er varðar hellulögn og viðarpalla ofaná bílageymslu hússins í stað grasþekju.
Hér er annarsvegar um leiksvæði barna að ræða fyrir íbúa hússins og hinsvegar útisvæði (sérafnotrétt)íbúða að ræða.
Skipulagsstjóri vísar fyrirspurn til umsagnar deiliskipulagshöfundar og Urriðaholts ehf.

22.3 1908042 - Vesturtún 55a - Umsókn um byggingarleyfi

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 11**

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Vesturtúns sem gerir ráð fyrir því að heimilað verði gerð þaksvala ofan á bílageymslu. Tillagan hefur verið grenndarkynnt í samræmi við 2.mgr.43.gr.skipulagslaga nr.123/2010. Grenndarkynnt var eigendum Vesturtúns 34, 36, 38, 40, 42, 53a, 53b, 56 og 57.
Engar athugasemdir bárust. Breytingin skoðast því samþykkt sbr.3.ml.3.mgr.41.gr.sömu laga.
Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

## 23. 1910058F - afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 10

Lagt fram.

23.1 1810317 - Víkurgata 10 - Umsókn um byggingarleyfi

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 10**

Lögð fram tillaga að óverulegri deiliskipulagsbreytingu að lokinni grenndarkynningu.
Engar athugsemdir bárust.
Tillagan skoðast því samþykkt.
Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

23.2 1910310 - Sveinskotsvör 4 - dsk breyting

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 10**

Lögð fram byggingarleyfisumsókn þar sem að bygging nær lítillega út fyrir byggingarreit til vesturs. Með því að losa hús frá bundinni byggingarlínu sem er á baklóð gæti húsið verið allt innan byggingarreits. Skipulagsstjóri mælir með því að húsið skjótist frekar lítillega út fyrir byggingar reit.
Skipulagstjóri gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. Skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar eins og framlögð teikning sýnir. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

23.3 1711017 - Sjónarvegur 1 - Umsókn um byggingarleyfi

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 10**

Með vísan í bókun afgreiðslufundar skipulagstjóra þann 23.janúar er eftirfarandi bætt við þá bókun: "Við skilgreiningu á fjölda bílastæða á lóð skal miðað við þær fermetrastærðir sem íbúðirnar höfðu fyrir breytingu þessa."
Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

23.4 1711101 - Sjónarvegur 3 - Umsókn um byggingarleyfi

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 10**

Með vísan í bókun afgreiðslufundar skipulagstjóra þann 23.janúar er eftirfarandi bætt við þá bókun: "Við skilgreiningu á fjölda bílastæða á lóð skal miðað við þær fermetrastærðir sem íbúðirnar höfðu fyrir breytingu þessa."
Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

23.5 1910415 - Arnarnes deiliskipulagsbreyting vegna aðkomutákns

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 10**

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Arnarness sem gerir ráð fyrir byggingarreit fyrir aðkomutákn Garðabæjar við bæjarmörk vestan Hafnarfjarðarvegar á móts við Súlunes 33. Lagt fram minnsiblað VSÓ þar sem lagt er til að gert verði vegrið sem árekstrarvörn.
Skipulagsstjóri metur tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Arnarness í samræmi við 2.mgr.43.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar.
Grenndarkynna skal eigendum Súluness 13, 22, 24,25, 26, 27, 29a, 29 b, 31 og 33.
Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.
Óska skal umsagnar Vegagerðarinnar.

23.6 1609127 - Hraungata 11 -Umsókn um byggingarleyfi

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 10**

Lögð fram breyting á samþykktu byggingarleyfi sem gerir ráð fyrir því að byggingin verði einangruð að utan en ekki að innan. Að hluta til fer bygging 4 cm út fyrir byggingarreit.
Ástæða breytingarinnar er sú að nýr framkvæmdaraðili er kominn að verkinu sem hefur haft þær áherslur að einangra byggingar sínar að utan.
Í ljósi aðdraganda málsins gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. Skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar hvað þetta atriði varðar.
Við skilgreiningu á fjölda bílastæða á lóð skal miðað við þær fermetrastærðir sem íbúðirnar höfðu fyrir þá breytingu þessa."

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar nr.20/2017

23.7 1501399 - Hraungata 5 - Umsókn um byggingarleyfi

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 10**

Lögð fram breyting á samþykktu byggingarleyfi sem gerir ráð fyrir því að byggingin verði einangruð að utan en ekki að innan. Að hluta til fer bygging 4 cm út fyrir byggingarreit.
Ástæða breytingarinnar er sú að nýr framkvæmdaraðili er kominn að verkinu sem hefur haft þær áherslur að einangra byggingar sínar að utan.
Í ljósi aðdraganda málsins gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við að við veitingu

byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. Skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar hvað þetta atriði varðar.
Við skilgreiningu á fjölda bílastæða á lóð skal miðað við þær fermetrastærðir sem íbúðirnar höfðu fyrir þá breytingu þessa."

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar nr.20/2017

23.8 1605194 - Hraungata 9 - Umsókn um byggingarleyfi

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 10**

Lögð fram breyting á samþykktu byggingarleyfi sem gerir ráð fyrir því að byggingin verði einangruð að utan en ekki að innan. Að hluta til fer bygging 4 cm út fyrir byggingarreit.
Ástæða breytingarinnar er sú að nýr framkvæmdaraðili er kominn að verkinu sem hefur haft þær áherslur að einangra byggingar sínar að utan.
Í ljósi aðdraganda málsins gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2.mgr. 43.gr. Skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar hvað þetta atriði varðar.
Við skilgreiningu á fjölda bílastæða á lóð skal miðað við þær fermetrastærðir sem íbúðirnar höfðu fyrir þá breytingu þessa."

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar nr.20/2017

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Skólanefnd tónlistarskóla Garðabæjar**
**6. fundur 2019**

Föstudaginn 1. nóvember 2019 kl. 08:10 kom skólanefnd tónlistarskóla Garðabæjar saman til fundar í Tónlistarskóla Garðabæjar, Kirkjulundi.

Fundinn sátu: Eiríkur Þorbjörnsson aðalmaður, Einar Örn Magnússon aðalmaður, Sigrún Gísladóttir aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður og Laufey Ólafsdóttir skólastjóri.

Fundargerð ritaði: Laufey Ólafsdóttir skólastjóri.

Dagskrá:

Formaður bauð skólanefnd velkomna til 6. fundar kjörtímabilsins. Þetta var sameiginlegur fundur með menningar- og safnanefnd og hugsaður til að auka samstarf milli nefnda. Formaður bauð menningar- og safnanefndina hjartanlega velkomna á fundinn.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1910426 - Starfsemi Tónlistarskóla Garðabæjar**

   Laufey Ólafsdóttir, skólastjóri Tónlistarskóla Garðabæjar og Eiríkur Þorbjörnsson, formaður skólanefndar Tónlistarskólans, fóru yfir helstu þætti er varðar sögu og starfsemi Tónlistaskóla Garðabæjar. Í dag eru 470 nemendur við skólann og 47 starfsmenn. Aðalhúsnæði skólans er við Kirkjulund en auk þess er kennsla á vegum skólans í grunnskólum í bænum, alls er skólinn með 8 starfsstöðvar. Kennt er skv. námsskrá og skólinn starfar eftir lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
   Umræður voru um starfsemi, aðstöðu- og húsnæðismál tónlistarskólans.
   Gunnar Valur, formaður menningar- og safnanefndar, fór yfir helstu verkefni menningar- og safnanefndar, starfsemi Bókasafns Garðabæjar og Hönnunarsafns Íslands, húseignir bæjarins sem nefndin nýtir og viðburði á vegum nefndarinnar, s.s. samstarf við frjáls félagasamtök, Jazzhátíð Garðabæjar, Þriðjudagsklassík, Tónlistarveislu í skammdeginu, árlega útnefningu bæjarlistamanns og veitingu viðurkenninga fyrir merkt framlag til menningar og lista í bænum, hvatningarsjóð ungra listamanna og menningaruppskeruhátíð.
   Menningar- og safnanefnd hefur á þessu ári einnig fundað með stjórn Hönnunarsafns Íslands.

   Umræður voru um öfluga starfsemi Bókasafnsins og Hönnunarsafnsins svo og húsnæðismál safnanna tveggja.

2. **1802204 - Menningar- og fræðamiðstöð í Garðabæ**

   Skýrsla starfshóps um fjölnota menningar- og fræðasetur frá vorinu 2018 lá fyrir á fundinum og var rædd. Starfshópnum, sem var skipaður af bæjarráði í febrúar 2018, var falið að kanna grundvöll fyrir byggingu og starfsemi fjölnota menningar- og fræðamiðstöðvar í Garðabæ. Farið var yfir helstu þætti skýrslunnar sem var lögð fram í bæjarráði í maí 2018.

   Umræður voru um mögulega staðsetningu menningarmiðstöðvar og tengingu við hinar ýmsu menningarstofnanir bæjarins.

3. **1711209 - Hofsstaðir - minjagarður - hugmyndahönnun**

   Farið var yfir greinargerð frá fyrirtækinu Gagarín um minjagarðinn á Hofsstöðum sem var unnin á þessu ári og kynnt í bæjarráði í október 2019.

Umræður voru um minjagarðinn á Hofsstöðum sem er staðsettur við hliðina á húsnæði Tónlistarskólans í Kirkjulundi.

4. **1910042 - Sameiginleg verkefni menningar- og safnanefndar og skólanefndar Tónlistarskóla Garðabæjar.**

Umræður voru um möguleg samstarfsverkefni nefndanna, s.s. tónleikaraðir o.fl. Nemendur úr Tónlistarskóla Garðabæjar hafa til dæmis fengið að vera þátttakendur í Jazzhátíð Garðabæjar með upphitun á undan eða með sérstökum nemendatónleikum. Menningar- og safnanefnd hefur staðið fyrir Þriðjudagsklassík þar sem tónleikar hafa farið fram í sal Tónlistarskóla Garðabæjar og nemendur skólans hafa fengið að njóta tónleikanna. Nemendur Tónlistarskólans hafa verið að koma fram víða í bæjarfélaginu.
Umræður voru um nýja samstarfsfleti sem hægt væri að standa að og sem stuðlað gætu að fjölgun viðburða sem nemendur tónlistarskólans gætu tekið þátt í.

Nefndirnar voru sammála um að mikilvægt væri að huga að eflingu menningarstarfsemi til framtíðar með stækkandi bæ.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Skólanefnd tónlistarskóla Garðabæjar**
**7. fundur 2019**

Fimmtudaginn 14. nóvember 2019 kl. 08:10 kom skólanefnd tónlistarskóla Garðabæjar saman til fundar í Tónlistarskóla Garðabæjar, Kirkjulundi.

Fundinn sátu: Eiríkur Þorbjörnsson aðalmaður, Einar Örn Magnússon aðalmaður, Sigrún Gísladóttir aðalmaður, Sólveig Guðrún Geirsdóttir aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður og Laufey Ólafsdóttir skólastjóri.

Fundargerð ritaði: Laufey Ólafsdóttir skólastjóri.

Á fundinn mætti Eiríkur B. Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1909211 - Tillaga að lógói fyrir skólann. Á fundinn kemur Kristín María Ingimarsdóttir grafískur hönnuður.**

   Kristín María Ingimarsdóttir grafískur hönnuður fór yfir nokkrar tillögur að nýju lógói fyrir tónlistarskólann. Farið yfir tillögur hönnuðar.

2. **1909211 - Fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið 2020.**

   Lögð fram og kynnt. Skólanefndin styður beiðni skólastjóra um aukið fjármagn til starfseminnar í fjárhagsáætlun í ljósi aukinnar starfsemi og fjölgunar í sveitarfélaginu.

3. **1909211 - Starfsemi skólans eftir áramót.**

   Farið yfir helstu viðburði í skólastarfinu á vorönninni.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Stjórn Hönnunarsafns Íslands**
**02. fundur 2019**

Föstudaginn 17. maí 2019 kl. 08:15 kom stjórn Hönnunarsafns Íslands saman til fundar Hönnunarsafn Íslands.

Fundinn sátu: Stella Stefánsdóttir formaður, Kristín B Björgvinsdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Sigríður Sigurjónsdóttir forstöðumaður, Þóra Sigurbjörnsdóttir og Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Sigríður Sigurjónsdóttir forstöðumaður.

Sameiginlegur fundur stjórnar Hönnunarsafns Íslands og menningar- og safnanefndar (fyrstu 4 fundarliðirnir, svo hefðbundinn stjórnarfundur).

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1810001HO - Stefnumótun stjórnar Hönnunarsafns Íslands 2019 - 2023**

   Sigríður Sigurjónsdóttir, forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands, fór yfir nýja stefnumótun og aðgerðaráætlun safnsins. Einnig var gengið um sýningar safnsins og sagt frá því sem er á döfinni hjá safninu.

   Umræður voru um starfsemi safnsins.

2. **1802204 - Menningar- og fræðamiðstöð í Garðabæ**

   Gunnar Valur Gíslason, formaður menningar- og safnanefndar, fór yfir skýrslu starfshóps um fjölnota menningar- og fræðasetur frá vorinu 2018. Starfshópnum sem var skipaður af bæjarráði var falið að kanna grundvöll fyrir byggingu og starfsemi fjölnota menningar- og fræðamiðstöðvar í Garðabæ. Farið var yfir helstu þætti skýrslunnar sem var lögð fyrir bæjarráð í maí 2018. Upplýsingar um vinnu starfshópsins og skýrslan sjálf er aðgengileg á vef Garðabæjar.

   Umræður voru um markmiðasetningu og næstu mögulegu skref í framhaldinu.

3. **1503219 - Endurskoðun samstarfsamnings um rekstur Hönnunarsafns Íslands.**

   Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, greindi frá fundi með Karítas H. Gunnarsdóttur skrifstofustjóra og Baldri Þór Guðmundssyni sérfræðingi á skrifstofu menningarmála hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu 7. mars sl. Fundurinn var haldinn í framhaldi af heimsókn mennta- og menningarmálaráðherra í Hönnunarsafnið í byrjun þessa árs. Á fundinum var m.a. farið yfir drög að samstarfssamningi frá árinu 2016 sem byggði m.a. á samningi aðila frá 2006. Eiríkur greindi frá umræðum um mögulegar útfærslur á nýjum samningi eða samningum.

   Umræður voru um útfærslur á nýjum samningi.

4. **1905185 - Möguleikar á Garðatorgi**

   Umræður voru um menningarstarfsemi á Garðatorgi og möguleika sem eru til staðar í miðbænum. Rætt var um hvernig hægt væri að gera eitthvað til að vekja áhuga á hönnun með sérstökum viðburðum tengdum hönnun í samstarfi nefndanna.
   Greint var frá hugmyndum um sameiginlegt menningar- og viðburðadagatal Hönnunarsafnsins og

Bókasafnsins þar sem einnig er fjallað um fasta menningarviðburði á vegum menningar- og safnanefndar.

6. **1903001HO - Aðsóknartölur 2019**

   Farið yfir aðsókanrtölur, engin ákvörðun tekin um breytingu varðandi aðgangseyri.

5. **1905001HO - Rekstur 2019**

   Farið yfir rekstrarreikning safnsins sem er á áætlun. Síðasta fundargerð samþykkt.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

**Umhverfisnefnd Garðabæjar**
**18. fundur 2019**

Miðvikudaginn 13. nóvember 2019 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Guðfinnur Sigurvinsson aðalmaður, Hrönn K. Sch. Hallgrímsdóttir aðalmaður, Páll Magnús Pálsson aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Linda Björk Jóhannsdóttir garðyrkjufræðingur og Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. **1903374 - Skipulag - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 3. Norðurnes**

   Umhverfisnefnd leggur áherslu á að umhverfisrask verði sem minnst og að farið verði eftir ábendingum fuglafræðinga um mótvægisaðgerðir vegna golfvallar, þ.e. tjarnir, hólmar og áframhaldandi endurheimt votlendis við Kasthúsatjörn ásamt því að fyllt verði í skurði á golfvallarsvæðinu. Hugað verði að því að rask milli golfbrauta verði sem minnst ásamt raski á framkvæmdatíma. Umhverfisnefnd telur jákvætt að á Seylunni verði fallið frá aðstöðu fyrir siglingar í tengslum við smábátahöfn og möguleika á aðstöðu fyrir hestamenn.

2. **1906091 - Mengunarmælingar 2019**

   Lagt fram. Gerð grein fyrir vinnu við útbætur.

3. **1911082 - Drög að breytingum á reglugerð um mat á umhverfisáhrifum og reglugerð um framkvæmdaleyfi.**

   Lagt fram.

4. **1910322 - Styrkumsókn vegna hleðslubúnaðar fyrir rafbíla**

   Umhverfisnefnd mælir með að svo stöddu, að tryggt verði að íbúar hafi jafnt aðgengi að hleðslustöðvum í bæjarlandinu. Lagt er til að unnið verði að kortlagningu og uppbyggingaráætlun slíkra stöðva og það kynnt bæjarbúum. Vísað til nánari vinnslu hjá Tækni- og umhverfissvið.

5. **1910400 - Veiðikortið 2020**

   Umhverfisnefnd leggur til að samstarfi við Veiðikortið verði haldið áfram árið 2020.

6. **1911044 - Ársskýrsla - Skógræktarfélags Reykjarvíkur 2018**

   Lagt fram.

7. **1911081 - Ársskýrsla loftgæða**

   Lagt fram.

8. **1910408 - Umsóknir í framkvæmdasjóð ferðamannastaða 2020**

   Lagt fram.

9. **1911043 - Heiðmörk - samningur - Skógræktarfélag Reykjarvíkur**

   Umhverfisnefnd samþykkir efnisleg drög af samningi.

10. **1911209 - Tillaga Garðabæjarlistans um að veita fyrirtækjum eða stofnunum í Garðabæ viðurkenningu sem ná góðum árangri í að minnka plastnotkun, flokka, endurnýta og sporna við matarsóun.**

Umhverfisnefnd tekur jákvætt í tillöguna og að tillagan verði hluti af verkefninu Garðabær gegn sóun.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

# Stjórn SSH
# 478. fundur

Mánudaginn 4. nóvember 2019, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Gunnar Einarsson varaformaður, Ármann Kr Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Dagur B. Eggertsson og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu Rósa Guðbjartsdóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson og Ásgerður Halldórsdóttir.

Gestir fundarins: Tryggvi Þórhallsson Sambandi íslenskra sveitarfélaga (liður 3), Elín Oddný Sigurðardóttir og Hjördís Gestsdóttir (liður 4).

Gunnar Einarsson varformaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. **Aðalfundur SSH 2019** */málsnr. 1910009*

   Fyrir liggur dagskrá Aðalfundar SSH 2019, en aðalfundurinn verður haldinn 15. nóvember n.k í Turninum Hafnarfirði. Stjórn fer yfir dagskrá og efni fundarins.

   Umræður.

   **Niðurstaða fundar:**

   Stjórn samþykkir fyrirliggjandi dagskrá aðalfundarins.

2. **Fjárhags- og starfsáætlun SSH 2020** */málsnr. 1910010*

   Framkvæmdastjóri leggur fram drög að fjárhagsáætlun 2020 og drög að starfsáætlun fyrir sama ár.

   Umræður.

   **Niðurstaða fundar:**

   Stjórn felur framkvæmdastjóra að ljúka fjárhags- og starfsáætlun 2020 á grunni þeirra draga sem nú liggja fyrir.

   Með tilliti til markmiða SSH er það vilji stjórnar SSH að efla samtökin enn frekar og þá helst í átt til öflugri hagsmunagæslu fyrir höfuðborgarsvæðið. Í því ljósi hefur verið gerð tillaga um að fjölga í starfsliði samtakanna til að styrkja vinnu og mótun leiða til að ná betur fram markmiðum samtakanna. Með þessari ráðstöfun verður til öflugri verkefnastjórnun, betri stefnumótun í þeim málaflokkum sem sveitarfélögin vinna sameiginlega að, ásamt auknu frumkvæði og greiningu á hagsmunamálum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

   Þá verði á árinu 2020 hafin umræða um stjórnsýslulega stöðu byggðarsamlaganna og fenginn utanaðkomandi ráðgjafi til að vinna tillögugerð er varðar framtíðar stjórnskipulag byggðasamlaganna. Í því ljósi verði farið yfir þá vinnu sem þegar hefur verið unnin á þessum vettvangi, endurskoðun á samþykktum og eigendastefnu byggðarsamlaganna með skilvirkni og hagræðingu að leiðarljósi.

3. **Notendastýrð persónulega aðstoð (NPA) – samningar** */málsnr. 1608006*

   Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er gestur fundarins við umræður um þennan fundarlið. Tryggvi fer yfir stöðu innleiðingar á NPA í nóvember 2019 og leggur fram minnisblað um stöðuna.

   Umræður.

**Niðurstaða fundar:**

Stjórn mun áfram fylgjast með gangi málsins en framundan er m.a. fundur Sambandsins með félags- og barnamálaráðherra um málið sem áformaður er þann 11. nóvember n.k. Óskar stjórn eftir minnisblaði frá niðurstöðum þess fundar þegar þær liggja fyrir.

Þá felur stjórn samráðshópi velferðasviða að taka saman minnisblað um framkvæmd NPA samninga á höfuðborgarsvæðinu.

4. **Málefni Fjölsmiðjunnar** */málsnr. 1501007*

Gestir við umræðu undir þessum fundarlið eru Elín Oddný Sigurðardóttir formaður stjórnar Fjölsmiðjunnar og Hjördís Gestsdóttir starfs- og námsráðgjafi hjá Fjölsmiðjunni. Elín og Hjördís fóru yfir starfssemi Fjölsmiðjunnar, starfið framundan og fjármál hennar ásamt því að kynnt eru drög og tillaga að endurnýjuðum samningi við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu.

Þá er lögð fram fundargerð Fjölsmiðjunnar frá 16.10.2019, ársreikningur 2018 og 8. mánaða uppgjör vegna ársins 2019.

Umræður.

**Niðurstaða fundar:**

Stjórn þakkar fulltrúum Fjölsmiðjunnar fyrir greinagott erindi um starfssemi Fjölsmiðjunnar og stöðu mála. Er framkvæmdastjóra falið að vinna að endurnýjun samnings við Fjölsmiðjuna á grunni þeirra draga sem kynnt er á fundinum. Samningurinn verður síðan lagður fyrir á næsta stjórnarfundi til umræðu og afgreiðslu.

5. **Skilavegir – yfirfærla vega til sveitarfélaga samkvæmt vegalögum nr. 80/2007** */málsnr. 1910012*

Til umræðu er erindi Vegagerðarinnar til sveitarfélaganna er varðar skilavegi – yfirfærsla vega til sveitarfélaga samkvæmt vegalögum nr.80/2007.

Umræður.

**Niðurstað fundar:**

Stjórn samþykkir að stofnuð verði viðræðunefnd til að fara sameiginlega fyrir málinu fyrir hönd sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Í viðræðuefndina eru tilnefnd Birgir Björn Sigurjónsson, Guðrún Edda Finnbogadóttir, Eysteinn Haraldsson og Páll Björgvin Guðmundsson. Með hópnum starfar sérfræðingateymi sem í eru Hrafnkell Á Proppé, Ebba Schram og Þorsteinn Rúnar Hermannsson ásamt því að aðrir sérfræðingar sveitarfélagnna verða kallaðir til. Er nefndinn falið að taka nú þegar til starfa. Þá er framkvæmdastjóra falið að tilkynna Vegamálastjóra og ráðuneyti Samgöngu- og sveitarstjórnarmála um þennan vilja af hálfu sveitarfélaganna.

6. **Fjárhagsáætlanir byggðarsamlaganna** */málsnr. 1911002*

Eftirtalin gögn lágu fyrir fundi vegna þessa máls:

Sorpa bs.

a) Rekstraráætlun SORPU bs. 2020-2024, sem kynnt voru á stjórnarfundi Sorpu 1. nóvember 2019.
b) Yfirlit yfir áætlaðar greiðslu sveitarfélaganna til SORPU bs. á árinu 2020.

Umræður.

Strætó bs.

a) Fjárhags- og starfsáætlun Strætó bs. 2020-2024 frá stjórnarfundi 28. október 2019.

b) Meginforsendur – greinagerð frá Jóhannesi Rúnarssyni framkvæmdastjóra Strætó bs.

Umræður.

**Niðurstaða fundar:**

Stjórn samþykkir fyrirliggjandi tillögu að rekstraráætlun Sorpu bs.

Stjórn samþykkir fyrirliggjandi tillögu að rekstraráætlun Strætó bs.

7. **Málefni skíðasvæðanna** */málsnr. 1501005*

Eftirtalin gögn lágu fyrir fundi vegna þessa máls:

a) Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 29. október, fundur 378.
b) Fjárhagsáætlun 2020 fyrir skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins.
c) Fjárhagsáætlun uppbyggingar á skíðasvæðunum til ársins 2025.
d) Rekstraráætlun skíðasvæðanna eftir uppbyggingu.

Umræður.

**Niðurstaða fundar.**

Stjórn samþykkir fyrirliggjandi tillögu að rekstraráætlun fyrir skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins árið 2020 og breytta fjárhagsáætlun fyrir uppbyggingu á skíðasvæðum til ársins 2025.

Framkvæmdastjóra er falið að vinna að viðauka við samning sveitarfélaganna er varðar uppbyggingu á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins.

8. **Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk** */málsnr. 1711002*

Á fundi stjórnar SSH þann 7. október sl. samþykkti stjórn að vinna áfram að málinu með það að leiðarljósi að sveitarfélög utan Hafnarfjarðar og Kópavogs myndu bjóða sameiginlega út akstursþjónustu fyrir fatlað fólk. Var verkefnahópnum falin áframhaldandi vinna vegna þjónustulýsingar og Strætó bs. vegna útboðsmála. Verkefnahópurinn hefur nú fundað og verkefnið í vinnslu.

Umræður.

**Niðurstaða fundar.**

Stjórn samþykktir að verkefnahópurinn geti ráðið ráðgjafa til að vinna að málinu með verkefnahópnum og skal kostnaður skiptast hlutfallslega niður miðað við íbúafjölda á þau sveitarfélög sem starfa munu saman að verkefninu.

9. **Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu – aðgerðir og verkefni framundan** */málsnr. 1903002*

Á fundi stjórnar SSH þann 7. október sl. fól stjórn samninganefnd SSH og stýrihópi um undirbúning Borgarlínu að fylgja samkomulaginu eftir því sem við á og upplýsa stjórn um gang mála á hverjum tíma.

Umræður og farið yfir stöðu mála.

**Niðurstaða fundar:**

Stjórn mun áfram fylgjast náið með stöðu mála og farið verður nánar yfir þau verkefni sem tengjast samkomulaginu á næsta fundi stjórnar og aðalfundi SSH 15.nóvember 2020.

**10. Erindi frá ÍSÍ** */málsnr. 1910011*

Fyrir liggur Erindi frá ÍSÍ er varða samstarf við SSH um leiðir er varðar gistiaðstöðu fyrir íþróttaiðkendur af landsbyggðinni.

Umræður.

**Niðurstaða fundar:**

Framkvæmdastjóra er falið að óska eftir frekari upplýsingum um málið.

**11. Erindi frá skógræktarfélagi Íslands** */málsnr. 1701003*

Fyrir liggur erindi frá Skógræktarfélagi Íslands frá 18. september er varðar græna stíginn ofan höfuðborgarsvæðisins.

Umræður.

**Niðurstaða fundar:**

Erindinu er vísað til svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins.

**12. Fötluð ungmenni í frístundastrfi í Hinu Húsinu** */málsnr. 1910008*

Erindi frá fundi menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs frá 14. október 2019 vegna samþykktar á verkferlum umsóknarferlis fatlaðra ungmenna í frístundastarfi í Hinu Húsinu.

Umræður.

**Niðurstaða fundar:**

Erindinu er vísað til samráðshóp velferðasviða.

**13. Tillaga frá bæjarstjórn Kópavogs**

Fyrir liggur bókun frá bæjarstjórn Kópavogs þar sem bæjarstjóra var falið að leggja til við stjórn SSH að skipulögð verði ráðstefna um sameiginlegt flokkunarkerfi fyrir sorp á höfuðborgarsvæðinu þar sem boðið verður til þátttöku bæjarfulltrúum, borgarfulltrúum og sérfræðingum í málaflokknum.

Ármann Kr Ólafsson kynnti tillöguna.

Umræður.

**Niðurstað fundar:**

Stjórn SSH tekur vel í erindið og felur bæjarstjóra Kópavogsbæjar og framkvæmdastjóra SSH að undirbúa ráðstefnuna og koma með tillögu að fyrirkomulagi. Kostnaði vegna ráðstefnu skal skipta hlutafallslega milli sveitarfélaganna skv. íbúafjölda.

**14. Fundargerð stjórnar Sorpu bs. – fundur 414**

Fundargerð stjórnar Sorpu bs frá 7.10.2019 lögð fram til kynningar.

**15. Fundargerð SASS – 549 fundur.**

Fundargerð SASS frá 27.9.2019 lögð fram til kynningar.

16. **Fundargerðir Samband íslenskra sveitarfélaga nr. 875.**

Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 25.10.2019 lögð fram til kynningar.

17. **Fundargerð SSNV – 48 fundur og fundargerð haustþings.**

Fundargerðir SSNV frá 24.9.2019 og 18.10.2019 lagðar fram til kynningar.

18. **Umsagnir þingmála** */málsnr. 1910005*

Vakin hefur verið athygli SSH á eftirfarandi þingmálum.

a) Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga 2019-2033 og aðgerðaáætlun 2019-2023
b) Bygging hátæknisorpbrennslustöðvar
c) Breyting á sveitarstjórnarlögum
d) Breyting á vegalögum

e) Samgönguáætlun 2020-2034

Framkvæmdastjóri leggur fram umsögn SSH um samgöngáætlun 2020-2024 og 2020 til 2034.

Umræður:

**Niðurstaða fundar:**

Drög að umsögn framkvæmdastjóra er samþykkt.

19. **Önnur mál**

Engin önnur mál.

Fundi lokið kl. 14:10

*Tillaga:*

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að setja af stað starfshóp til að vinna að framgangi stafrænnar framþróunar og þjónustu hjá Garðabæ. Starfshópurinn skal skipaður þremur fulltrúum tilnefndum af bæjarráði. Bæjarráð skal setja starfshópnum erindisbréf þar sem m.a. kemur fram markmið, ábyrgðaraðili og skil á greinargerð og tillögum. Starfsmaður hópsins verður verkefnastjóri á bæjarskrifstofunum auk annarra starfsmanna Garðabæjar sem starfa með hópnum eftir þörfum.

*Greinargerð:*

Bæjarstjórn Garðabæjar vill stuðla að því að Garðabær verði í fararbroddi stafrænnar framþróunar og þjónustu fyrir íbúa og viðskiptavini sveitarfélagsins. Á undanförnum árum hefur mikil tækniþróun átt sér stað og ferlar og vinnubrögð tekið breytingum. Framundan er enn meiri þróun á sviði upplýsingatækni og fjórða iðnbyltingin er hafin sem gengur m.a. út á að tengja saman þá tækni sem nú er til staðar m.a. með gervigreind og sjálfvirknivæðingu. Þessi þróun mun hafa mikil áhrif á samfélagið í heild á næstu árum. Mikilvægt er að Garðabær móti sér stefnu og sýn um hvernig stafræn framtíð getur aukið lífsgæði íbúa Garðabæjar. Það er meðal annars hægt með því að gera stafræna þjónustu aðgengilega og sniðna að þörfum notenda. Með skilvirkari og bættum vinnuferlum í stafrænni þjónustu er hægt að bæta afgreiðslu mála og upplýsingagjöf. Stafræn vegferð sveitarfélagins er samstarfsverkefni þvert á svið og byggja þarf upp þekkingu stjórnenda og starfsmanna til að vinna að stafrænni framþróun.

Sveitarfélög eiga í auknum mæli eftir að nýta sér þjónustu island.is sem er miðlæg stafræn þjónustugátt sem hefur það meginmarkið að auðvelda samskipti einstaklinga og atvinnulífs við hið opinbera. Ísland hefur einnig hafið innleiðingu á Straumnum (X-Road) sem er gagnaflutningslag sem er ætlað að auðvelda samskipti milli upplýsingakerfa á öruggan hátt. Sveitarfélög, opinberar stofnanir og fyrirtæki í landinu geta í framtíðinni nýtt sér Strauminn til að flytja gögn sín á milli með það að markmiði að bæta þjónustu við almenning.

Hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er starfandi breytingastjóri stafrænnar þjónustu sem vinnur að miðlægu samstarfi sveitarfélaga til að auðvelda þeim að verða virkir þátttakendur í stafrænni framþróun. Það eru tækifæri fólgin í því að taka þátt í samstarfsverkefnum sveitarfélaga um hvernig nýta megi nútímatækni til að bæta þjónustu og samskipti við íbúa.

Vorið 2019 var lagt fram minnisblað í bæjarráði Garðabæjar um snjalllausnir og snjallvæðingu sveitarfélagsins. Snjalllausnir og nýsköpun þeim tengd er hluti af stafrænni framþróun og ætti að skoða samhliða.

Kortlagning stafrænnar framþróunar og þjónustu hjá Garðabæ er mikilvægt veganesti inn í framtíðina til að öflug og góð þjónusta verði enn betri.

*Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður bæjarráðs*

# Jafnréttisstefna Garðabæjar 2019-2022

## Inngangur

Í kjölfar sveitarstjórnarkosninga árið 2018 heyra jafnréttismál undir fjölskylduráð Garðabæjar. Jafnréttisstefna er lögð fram til fjögurra ára í senn og var síðast lögð fram sem áætlun 2015.

Fjölskylduráð Garðabæjar hefur umsjón með mótun jafnréttisstefnu Garðabæjar og er framkvæmd hennar samvinnuverkefni sviða bæjarins. Tilgangurinn með setningu jafnréttisstefnu er að skoða og endurmeta aðstæður á hverjum vinnustað og ryðja úr vegi þeim hindrunum sem geta verið á vegi bæði kvenna og karla sem og þeirra sem skilgreina kyn sitt með hlutlausum eða öðrum hætti. Er jafnréttisstefna unnin á grundvelli 18. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 (jafnréttislög) þar sem fram kemur að sveitarfélög með 25 starfsmenn eða fleiri skulu setja sér aðgerðabundnar jafnréttisáætlanir/stefnu þar sem fram kemur hvernig starfsmönnum eru tryggð réttindi. Lögð er áhersla á að öll svið og stofnanir Garðabæjar framfylgi jafnréttisstefnunni með markvissum hætti og í samræmi við tilgreindar aðgerðir. Þannig eru fyrir hendi verklag og ferlar hjá sveitarfélaginu sem taki á þeim málum sem fram koma í jafnréttisstefnu svo tryggt sé að réttindi starfsmanna og þjónustuþega samkvæmt stefnunni séu auðsækjanleg og vinnulag skýrt.

Jafnréttisstefna Garðabæjar 2019-2022 byggir á gildum sveitarfélagsins *jákvæðni, fagmennska og áreiðanleiki* og þeim gildum sem löggjafinn hefur sett m.a. með vísan til 2. mgr. 12. gr. jafnréttislaga og jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar sem hljóðar svo: *„Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna."*

Jafnréttisstefnan byggir jafnframt á lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018 og lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018. Samkvæmt 1. gr. laga um jafna meðferð á vinnumarkaði þá gilda lögin um *„jafna meðferð einstaklinga á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu, svo sem hvað varðar:*

a. *aðgengi að störfum, sjálfstæðri atvinnustarfsemi eða starfsgreinum, þ.m.t. við ráðningar og framgang í starfi,*
b. *aðgengi að náms- og starfsráðgjöf, starfsmenntun og starfsþjálfun,*
c. *ákvarðanir í tengslum við laun, önnur starfskjör og uppsagnir og*
d. *þátttöku í samtökum launafólks eða atvinnurekenda, þ.m.t. þau hlunnindi sem þau veita félagsmönnum."*

Jafnréttisstefna Garðabæjar tekur mið af yfirstandandi innleiðingu á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og á öðrum þeim sáttmálum sem Ísland er aðili að, t.a.m, barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Að auki er

tekið mið af evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum en undirritun hans er nú í burðarliðnum hjá Garðabæ.

Markmið jafnréttisstefnu Garðabæjar ættu að vera höfð að leiðarljósi þegar mótaðar eru stefnur í öðrum málaflokkum Garðabæjar.

## I. Markmið

Markmið jafnréttisstefnu Garðabæjar er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum fyrir einstaklinga á öllum sviðum samfélagsins. Með því að stuðla að jafnrétti kynjanna er lagður grunnur að velferð einstaklinga, fjölskyldna, atvinnulífs og samfélagsins alls. Enda byggir lýðræðislegt samfélag á þeim grunni að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta réttinda óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, efnahgi, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu.

## II. Framkvæmd og umfang

Jafnréttisstefna Garðabæjar er þríþætt; hún tekur í fyrsta lagi til stjórnkerfis Garðabæjar, í öðru lagi til Garðabæjar sem vinnustaðar og í þriðja lagi til starfsemi og þjónustu við íbúana sem stofnanir bæjarins veita. Jafnréttisstefnunni fylgir framkvæmdaáætlun til næstu fjögurra ára þar sem tilgreind eru m.a. markmið og ábyrgðaraðili hvers verkefnis og tímarammi. Einstakir liðir eru settir fram með fyrirvara um fjárhagsáætlun hvers árs.

### 1. Stjórnkerfi Garðabæjar

Um störf stjórnkerfis Garðabæjar fer eftir sveitarstjórnarlögum en þar segir m.a. í 2. mgr. 7.gr.: *„Sveitarfélög skulu vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma"*. Um verkefni sem sveitarfélögum eru falin, ýmist sem skylda eða heimild, er fjallað í ýmsum lögum, m.a. jafnréttislögum. Ber stjórnkerfi Garðabæjar að fara að lögum sem gilda um starfsemi þess við störf sín.

### 1.1. Fjölskylduráð

Fjölskylduráð Garðabæjar fer með störf jafnréttisnefndar samkvæmt 12. gr. jafnréttislaga, samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 773/2013, sbr. 3. gr. samþykktar nr. 1059/2014 og sbr. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 (sveitarstjórnarlög).

Helstu verkefni á sviði jafnréttismála sem heyra undir ráðið eru:

- Að kanna og stuðla að jafnri stöðu kynjanna hjá stofnunum bæjarins.
- Að stuðla að undirritun evrópusáttmálans um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum.
- Að afla upplýsinga um jafnréttismál, m.a. með því að safna gögnum, sækja fundi, ráðstefnur og námskeið er varða jafnréttismál og miðla þeim áfram.
- Að nýta kyngreind gögn um starfsemi og þjónustu Garðabæjar eftir því sem við á.

- Að hafa samstarf við Jafnréttisstofu og þá aðila sem getið er um í þessari Jafnréttisstefnu.
- Að afhenda Jafnréttisstofu annað hvert ár skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála innan viðkomandi sveitarfélags sbr. 12.gr. jafnréttislaga og 5. gr. laga um jafna meðferð á vinnumarkaði.

Meðal annarra verkefna sem ráðið mun skoða eru:

- Að veita reglulega stofnun eða fyrirtæki í Garðabæ viðurkenningu fyrir öflugt starf á sviði jafnréttismála ef ástæða þykir til, m.a. með því að kalla eftir tilnefningum og upplýsingum frá fyrirtækjum og stofnunum um hvernig unnið sé að því að tryggja jafnrétti á vinnustöðum.
- Að skoða leiðir til að stuðla frekar að auknum fjölbreytileika og þátttöku ólíkra hópa í starfi á vegum Garðabæjar.

## 1.2 Nefndir og ráð Garðabæjar

Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum Garðabæjar, skal leitast við að jafna stöðu kynjanna í samræmi við 2. tl. 1. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga þar sem mælt er fyrir um kynjakvóta og að gætt sé að lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna.

Ráð og nefndir bæjarins skulu hafa jafnréttissjónarmið að leiðarljósi í störfum sínum og leitast við að flétta jafnréttismálin inn í starfsemi sína eftir því sem kostur er. Skal það markmið haft að leiðarljósi að stuðla að jafnri stöðu kynjanna í bæjarfélaginu og stuðla að því að allir einstaklingar skuli eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þróa hæfileika sína. Við gagnaöflun og annan undirbúning stjórnvaldsákvarðana sem teknar eru af nefndum og ráðum hjá Garðabæ, sem áhrif geta haft á stöðu kynjanna skal leitast við að taka mið af þörfum og viðhorfum allra óháð kyni.

## 1.3 Greining á tölfræðiupplýsingum

Í opinberri hagskýrslugerð um einstaklinga og í viðtals- og skoðanakönnunum skal greint á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því.

## 1.4 Kynjasamþætting

Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða eða kynjasamþætting er aðferð sem beitt er við innleiðingu jafnréttissjónarmiða inn í almenna starfsemi stofnunar eða fyrirtækis með því að *„að skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu."* sbr. 2. gr. jafnréttislaga. Kynjasamþætting er því aðferð sem notuð er til að ná fram jafnrétti í daglegu starfi. Kynjasamþættingar skal gætt eftir því sem kostur er við alla stefnumótun og áætlanagerð sem gerð er á vegum Garðabæjar og stofnana þess, þ.m.t. við fjárhags- og starfsáætlun.

## 2. Garðabær sem atvinnurekandi

Með vísan til 24. gr. jafnréttislaga mun Garðabær sem atvinnurekandi gera ráðstafanir til að gera starfsmönnm kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu óháð kyni meðal annars með aukningu sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma og að auðvelda komu aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.

Garðabær skal sem atvinnurekandi vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði sbr. jafnréttislög. Garðabær líður ekki undir neinum kringumstæðum; einelti, mismunun, ofbeldi eða kynbundna eða kynferðislega áreitni. Er stefna Garðabæjar sem atvinnurekanda í jafnréttismiðuðu sveitarfélagi nánar lýst í eftirfarandi undirköflum.

### 2.1 Atvinnuauglýsingar

Störf sem laus eru til umsóknar skulu standa öllum opin óháð kyni. Í öllum atvinnuauglýsinum frá Garðabæ skulu áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, hvattir til að sækja um. Undantekning er þegar eðli starfsins er þannig að viðkomandi þarf að geta þjónustað t.d. karla- eða kvennaklefa.

### 2.2 Ráðningar

Við ráðningar starfsfólks ber að vinna sérstaklega að því að jafna stöðu kynjanna innan stofnana og stuðla að því að störf flokkist ekki í kyngreind störf.

Við ráðningu er óheimilt að mismuna kynjum á grundvelli fjölskyldustöðu eða annarra þátta þar sem ætla má að kynbundnir einkahagir hafi áhrif.

### 2.3 Launajafnrétti

Allir skulu njóta sömu kjara og réttinda fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kyni. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launa- og kjaraákvörðunum ekki fela í sér kynjamismunun. Garðabær hefur samþykkt jafnlaunastefnu sem felur í sér að jafnlaunakerfi Garðabæjar skuli ávallt standast lagalegar kröfur ásamt kröfum jafnlaunastaðals ÍST-85:2012 með stöðugum umbótum, eftirliti og viðbrögðum. Jafnlaunastefna og jafnlaunakerfi skal vera skjalfest í gæðahandbók, vera aðgengilegt á innri og ytri vef og endurskoðast árlega.

### 2.4 Starfsaðstæður, starfsþróun og sí- og endurmenntun

Við úthlutun verkefna, tilfærslur í störfum og uppsagnir skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað. Gæta skal þess að allir njóti sömu kjara og starfsaðstæðna óháð kyni. Starfsþróun, starfsþjálfun og sí- og endurmenntun skal bjóðast óháð kyni.

### 2.5 Einelti, mismunun, ofbeldi eða kynferðisleg og kynbundin áreitni

Einelti, mismunun, ofbeldi eða kynferðisleg og kynbundin áreitni er með öllu óheimil á vinnustöðum Garðabæjar. Stjórnendum hjá Garðabæ ber skylda samkvæmt reglugerð nr. 1009/2015 að láta slíka hegðun ekki viðgangast. Hjá Garðabæ er unnið eftir viðbragðsáætlun

vegna eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni og ofbeldis og er stefnan birt á innri vef Garðabæjar.

Til að sporna við óviðeigandi hegðun og auka líkur á ánægju í starfi ber stjórnendum að framkvæma áhættumat á vinnustað sínum einu sinni á ári og í kjölfar þess að viðbragðsáætlun er virkjuð. Áhættumat skal byggja á öllum tiltækum upplýsingum þar sem m.a. er tekið tillit til andlegra og félagslegra þátta í tengslum við vinnuaðstæður á vinnustaðnum s.s. kynjahlutfalls, ólíks menningarlegs bakgrunns, aldurs og fjölda starfsmanna.

### 2.6 Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Garðabær leggur áherslu á að starfsmönnum sé gert mögulegt að samræma starf og fjölskylduábyrgð með sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri vinnuhagræðingu eftir því sem við verður komið óháð kyni.

Óheimilt er að láta fæðingar- og foreldraorlof eða aðrar aðstæður tengdar meðgöngu og barnseignum hafa neikvæð áhrif á ákvarðanir um framgang í starfi.

## 3. Garðabær sem þjónustuaðili

Sveitarfélög gegna veigamiklu hlutverki sem veitendur þjónustu, má þar m.a. nefna menntun barna og unglinga, tómstunda og íþróttastarf og umönnun aldraðra. Þegar sveitarfélög skipuleggja þjónustu sína við íbúana þarf sérstaklega að huga að jafnréttismálum og stöðu kynjanna á hinum ýmsu sviðum. Með því að nota aðferðafræði kynjasamþættingar má koma í veg mismunun á grundvelli kyns og tryggja betur félagslegt réttlæti í þjónustu sveitarfélagsins. Horft verður til innleiðingar heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna hvað varðar þjónustu til íbúa bæjarins m.a. varðandi hönnun á umhverfi og jöfn tækifæri til ákvörðunartöku.

### 3.1 Skóla, íþrótta- og tómstundarstarf

Skólaskrifstofa, stjórnendur grunn- og leikskóla og félagsmiðstöðvar í Garðabæ, skulu vinna að því að jafna stöðu kynjanna og veita börnum og ungmennum hvatningu til að nýta hæfileika sína til fulls, bera virðingu hvert fyrir öðru og efla jákvæð samskipti kynjanna. Skulu þessi gildi höfð í fyrirrúmi þegar gerðir eru samningar við íþrótta- og tómstundafélög.

Í þessu skyni skal eftirfarandi haft í huga:

a. Að fræðsla um jafnréttismál sé hluti af skólastarfinu.
b. Að námsefni mismuni ekki kynjum, vinni gegn fordómum og hafi jafnan rétt allra hópa að leiðarljósi
c. Að kennsluhættir taki mið af því fjölbreytta samfélagi sem við tilheyrum.
d. Að í náms- og starfsfræðslu verði lögð áhersla á að kynna öllum kynjum störf sem hingað til hefur verið litið á sem hefðbundin kvenna- eða karlastörf.
e. Að sjálfstyrking verði sjálfsagður hluti námsins á öllum skólastigum.

f. Að búa öll kyn undir ábyrgð og skyldur fjölskyldu- og atvinnulífs.

g. Að styrkja jákvæða kynímynd barna og vinna gegn skaðlegum áhrifum klámvæðingar, kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni.

h. Að skipuleggja félags- og tómstundastarf með jafnrétti að leiðarljósi.

i. Að tryggja að félagasamtök sem njóta aðstöðu, styrkja eða annarra gæða sem Garðabær lætur í té, svo sem til íþróttaiðkunar, gæti jafnréttis kynja í hvívetna.

j. Að auka þekkingu barna á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

k. Að auka þekkingu barna á Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

l. Að tryggja að virtur sé réttur einstaklinga til þess að skilgreina kyn sitt og miða þannig að því að tryggja að kynvitund þeirra njóti viðurkenningar

## 3.2 Átak gegn heimilisofbeldi

Garðabær tekur þátt í samvinnuverkefni um átak gegn heimilisofbeldi ásamt Kópavogsbæ, Hafnarfirði og lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt samstarfssamningi frá árinu 2015.

Markmið samstarfsins er að auka þekkingarmiðlun og bæta verklag til að taka á þeim heimilisofbeldismálum, sem upp koma, í því skyni að tryggja öryggi íbúa á heimilum sínum, veita þolendum og gerendum betri þjónustu og bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi. Aðgerðaráætlun vegna tillagna að umbótum er unnin af fulltrúum sveitarfélaganna þriggja.

## 3.3 Velferð barna í Garðabæ

Verkefnið „Velferð barna í Garðabæ" stuðlar að samvinnu allra skólastofnana, íþrótta- og tómstundafélaga og fjölskyldusviðs Garðabæjar um heildstæða stefnu er varðar jafnrétti, kynheilbrigði og velferð barna. Megin inntak verkefnisins skiptist í verklag, fræðsluyfirlit og námskeið. Um er að ræða heildstætt og samræmt verklag og vinnuaðferðir vegna gruns um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun barna, fyrir alla þá aðila sem starfa með börnum í Garðabæ.

## 3.4. Málefni aldraðra og fatlaðra

Unnið skal að því með markvissum hætti að tryggja fjölbreytt framboð af tómstunda-og íþróttastarfi fyrir aldraða og fatlaða. Til dæmis með samningum við frjáls félagasamtök og einstaklinga sem sérhæfa sig í þjónustu við eldri borgara og fólk með fötlun.

## 3.5 Umhverfi og samgöngur

Við skipulag og hönnun á íbúðarbyggð, samgöngum, atvinnusvæðum og öðru bæjarlandi verði áhersla á þarfir og öryggi íbúa. Þar sem þarfir einstaklinga óháð kyni, aldri, líkamlegu atgervi og efnahag eru hafðar að leiðarljósi. Það er t.d. hægt að gera með því að gera kannanir á upplifun, öryggistilfinningu og líðan íbúa um bæjarlandið og efla samráðsvettvang þar sem leitað er eftir sjónarmiðum frá sem fjölbreyttustum hóp íbúa.

Á opnum svæðum skal horfa til öryggis og aðgengi fyrir almenning, einkum konur og börn, aldraða og fatlað fólk eins og fram kemur í heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna 11.7. Þá sé hugað að aðgengi fyrir alla við skipulagningu sambangna

## III. Ábyrgð, fræðsla og ráðgjöf

Stjórnendur og starfsmenn Garðabæjar bera ábyrgð á því að gæta jafnréttis kynja innan stjórnkerfis bæjarins, á vinnustöðum hans og í þjónustu við bæjarbúa. Mikilvægt er að ríkuleg fræðsla fari fram um málefnið bæði hjá forstöðumönnum og starfsmönnum þar sem farið er yfir stefnur, ferla og verklag hjá Garðabæ í málum tengdum jafnrétti kynjanna. Forstöðumenn stofnana með 25 starfsmenn eða fleiri skulu setja sér jafnréttisáætlun/stefnu eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu viðkomandi stofnunar þar sem jafnframt er kveðið á um hvernig markmiðum skuli náð, sbr. III. kafli jafnréttislaga.

## IV. Kynning og endurskoðun

### 4.1 Kynning á jafnréttisstefnu Garðabæjar 2019-2022

Jafnréttisstefnan skal vera aðgengileg fyrir íbúa Garðabæjar á vef Garðabæjar. Jafnréttisstefnan skal kynnt í öllum nefndum og ráðum Garðabæjar og meðal forstöðumanna stofnana Garðabæjar.

### 4.2 Endurskoðun jafnréttisstefnu.

Jafnréttisstefnan getur verið endurskoðuð af fjölskylduráði hvenær sem er, en skal hið minnsta vera endurskoðuð í upphafi hvers kjörtímabils. Við endurskoðun skal höfð hliðsjón af þróun jafnréttisumræðu og stöðu þeirra hópa sem stefnan nær til. Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar 21. nóvember 2019

# Jafnréttisstefna Garðabæjar - Framkvæmdaáætlun 2019-2022

| | Nr. | Markmið | Aðgerð | Ábyrgð | Tímarammi |
|---|---|---|---|---|---|
| Stjórnkerfi Garðabæjar | 1 | Greining á stöðu jafnréttismála í Garðabæ. | Að afhenda Jafnréttisstofu skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála innan viðkomandi sveitarfélags sbr. 12.gr. jafnréttislaga og 5. gr. laga um jafna meðferð á vinnumarkaði. | Sviðsstjóri fjölskyldusviðs | Annað hvert ár |
| | 2 | Áfram verður þess gætt að jafna stöðu kynja við nefndarskipan. | Við upphaf hvers kjörtímabils, áður en kosningar í nefndir og ráð fara fram, skal vekja athygli framboða á ákvæðinu. Þegar kosningar hafa farið fram skal leggja fyrir Fjölskylduráð Garðabæjar lista yfir hlutfall kynja í öllum nefndum, ráðum og stjórnum á vegum Garðabæjar. | Bæjarstjóri | Við upphaf hvers kjörtímabils |
| | 3 | Öflun kyngreinanlegra tölfræðiupplýsinga. | Að þjónustukönnun sveitarfélagsins og aðrar kannanir á vegum þess verði greindar niður á kyn þar sem það á við. | Upplýsingastjóri | Árlega |
| | 4 | Kynjasamþætting í stefnumótun og áætlanagerð. | Í allri stefnumótun og áætlanagerð sveitarfélagsins verði markvisst gætt að kynjasamþættingu þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis á öllum sviðum sé fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir.<br>Að sjónarmið allra kynja séu til staðar þegar ákvarðanir eru teknar og þarfir allra séu uppfylltar. | Sviðsstjórar | Í stefnumótunar- og áætlanagerð |
| | 5 | Hvatning í jafnréttismálum í Garðabæ. | Kallað verður eftir tilnefningum og upplýsingum frá fyrirtækjum og stofnunum um hvernig unnið sé að jafnrétti á vinnustöðum. | Fjölskylduráð | Annað hvert ár |
| | 6 | Að Garðabær undirriti Jafnréttissáttmála Evrópu. | Undirritun og innleiðing Jafnréttissáttmála Evrópu. | Bæjarstjóri | 2019 |
| | 7 | Innleiðing Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. | Að setja yfirmarkmið fyrir stjórnkerfi Garðabæjar sem eru hluti af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. | Sviðsstjóri fræðslu-og menningarsviðs | Innleiðing stendur yfir á gildistíma jafnréttisstefnunnar |
| Garðabær sem atvinnurekandi | 8 | Störf sem laus eru til umsóknar skulu standa öllum opin. | Í atvinnuauglýsingum skal hvetja áhugasama einstaklinga, án tillits til kyns, til að sækja um störf hjá Garðabæ. | Mannauðsstjóri | Viðvarandi |
| | 9 | Að jafna stöðu kynja innan stofnana. | Við ráðningar ber að vinna sérstaklega að því að jafna stöðu kynja á stofnunum bæjarins. Óheimilt er að mismuna kynjum við ráðningar útfrá þáttum sem ætla má að kynbundnir einkahagir hafi áhrif. | Stjórnendur | Viðvarandi |
| | 10 | Jafnlaunavottun. | Innleiðing jafnlaunastaðals, ÍST85:2012 til að tryggja launajafnrétti starfsfólks óháð kyni. | Deildarstjóri kjaradeildar | 2019 |
| | 11 | Jafnlaunaúttekt. | Greina skal laun og önnur kjör starfsmanna í jafnlaunaúttekt. | Mannauðsstjóri og deildarstjóri kjaradeildar | Árlega |
| | 12 | Að enginn ómálefnalegur launamunur verði á mánaðarlaunum miðað við fullt starf. | Markmið þetta metið og rýnt af jafnlaunaráði og gripið til aukinna aðgerða komi í ljós að markmið hafi ekki náðst. | Jafnlaunaráð | nóv.20 |
| | 13 | Að enginn ómálefnalegur launamunur verði á heildarlaunum. | Markmið þetta metið og rýnt af jafnlaunaráði og gripið til aukinna aðgerða komi í ljós að markmið hafi ekki náðst. | Jafnlaunaráð | Fyrir árslok 2021 |
| | 14 | Að gæta þess að öll kyn njóti sömu kjara og starfsaðstæðna. Starfsþróun og símenntun skal nýta til aukins jafnréttis kynja. | Könnun lögð fyrir starfsmenn hvort þeir upplifi kynjajafnrétti varðandi starfsþróun og símenntun. | Mannauðsstjóri | Annað hvert ár |
| | 15 | Einelti, mismunun, ofbeldi eða kynferðisleg og kynbundin áreitni er með öllu óheimil á vinnustöðum Garðabæjar. | Hjá Garðabæ er bæði miðlæg stefna og miðlæg viðbragðsáætlun í málum er varða einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustöðum bæjarins. Stefnan nær til og varðar alla starfsmenn Garðabæjar. | Mannauðsstjóri | Viðvarandi |
| | 16 | Mat á áhættu á kynbundnu áreiti. | Stjórnendur skulu framkvæma áhættumat á vinnustað sínum einu sinni á ári og skila matinu til öryggisnefndar bæjarskrifstofa Garðabæjar. | Forstöðumenn og öryggisnefnd hverrar stofnunar | Árlega |
| | 17 | Að auðvelda öllum kynjum að samræma starf og fjölskylduábyrgð með sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri vinnuhagræðingu eftir því sem við verður komið. | Að tryggja einfalt aðgengi starfsfólks að gæðahandbók Garðabæjar sem útlistar þá kosti sem í boði eru um samræmingu fjölskylduábyrgðar og starfs ásamt rétti til fæðingarorlofs og veikindadaga með börnum. | Mannauðsstjóri | Viðvarandi |
| Garðabær sem þjónustuaðili | 18 | Að skólar með fleiri starfsmenn en 25 hafi jafnréttisáætlun. | Kallað verður eftir staðfestingu þess að jafnréttisáætlanir skóla liggi fyrir og verði endurskoðaðar með reglubundnum hætti. | Mannauðsstjóri og sviðsstjóri Fræðslu- og menningarsviðs | Árlega |
| | 19 | Að tryggja að fræðsla um jafnréttismál verði hluti af skólastarfinu. | Verkefnið er útfært nánar í skólanámsskrá hvers skóla. Kallað verður eftir staðfestingu á útfærslunni. | Sviðsstjóri Fræðslu- og menningarsviðs | Viðvarandi |
| | 20 | Samantekt skólastofnana um aðgerðir í jafnréttismálum. | Skólar skili árlega til fjölskylduráðs Garðabæjar samantekt um aðgerðir í jafnréttismálum. | Sviðsstjóri Fræðslu- og menningarsvið | Árlega |
| | 21 | Eftirfylgd jafnréttisstefnu í samningum félagasamtaka. | Að íþrótta- og tómstundaráð fylgi eftir jafnréttisáætlun gagnvart samningsaðilum sínum. | Sviðsstjóri Fræðslu- og menningarsviðs | Viðvarandi |
| | 22 | Fjölbreyttara framboð íþrótta og tómstundastarfs fyrir aldraða og fatlað fólk. | Tryggt verður fjölbreytt framboð af tómstunda-og íþróttastarfi fyrir aldraða og fatlað fólk. Til dæmis með samningum við frjáls félagasamtök og einstaklinga. | Fjölskylduráð og Íþrótta og tómstundaráð | Á gildistíma jafnréttisstefnu |
| | 23 | Átak gegn heimilisofbeldi. | Unnið er samkvæmt aðgerðaráætlun um að auka þekkingamiðlun og bæta verklag í heimilisofbeldismálum í samvinnu við Kópavogsbæ, Hafnarfjörð og lögregluna á höfuðborgarsvæðinu. | Sviðsstjóri Fjölskyldusviðs | Viðvarandi í starfi barnaverndar og lögreglu |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 24 | Stuðlað verður að velferð barna í Garðabæ með markvissum hætti. | Notkun heildstæðs verklags og vinnuaðferða vegna gruns um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun barna, fyrir alla þá aðila sem starfa með börnum í Garðabæ. | Sviðsstjóri Fræðslu- og menningarsviðs og sviðsstjóri Fjölskyldusviðs | Viðvarandi |
| | 25 | Örugg opin svæði fyrir alla. | Hanna og skipuleggja opin svæði í Garðabæ til að tryggja öryggi íbúa. | Sviðsstjóri Tækni- og umhverfissviðs | Viðvarandi |
| | 26 | Aðgengi fyrir alla verði megininntak í hönnun og ákvarðanatöku. | Í allri hönnun, skipulagningu og ákvarðanatöku, sem snýr að samgöngum, skuli huga að þörfum og aðgengi allra. Á það við um öll kyn og fólk með hreyfihamlanir. | Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs | Viðvarandi |
| | | | | | |
| **Ábyrgð, fræðsla, ráðgjöf og kynning** | 27 | Sameiginleg ábyrgð á jafnréttismálum. | Stjórnendur og starfsmenn Garðabæjar bera ábyrgð á því að gæta jafnréttis kynja innan stjórnkerfis bæjarins, á vinnustöðum hans og í þjónustu við bæjarbúa. Útbúið verður kynningarefni um jafnrétti aðgengilegt fyrir stjórnendur stofnana á innri vef Garðabæjar. | Mannauðsstjóri | Viðvarandi |
| | 28 | Endurskoðun jafnréttisstefnu. | Að rýna jafnréttisstefnu Garðabæjar með hliðsjón af þróun | Fjölskylduráð | 2021 |